

Prennuklúbbur landsliðsins

EITT  
SETT

## FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

61. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FRÍÐJUDAGUR 28. MARS 2023

Fimm hundruð  
yfirgáfu heimili sín

Fjölskyldur á hafnarbakkanum í Neskaupstað á leið í náttstað sinn um borð í skipunum sem lágu þar við festar. Þrjú snjóflóð féllu í og við Neskaupstað og var neyðarástandi lýst yfir. Hús voru rýmd og íbúum boðin aðstoð á fjöldahjálparstöðvum. Tíu manns slósuðust en enginn alvarlega. MYND/KRISTÍN HÁVARÐSDÓTTIR

FRÉTTIR 10

Tímamót fyrir  
lýðræði Ísraels

MENNING 22

Alþjóðlegur  
dagur píánósins

LÍFID 30

Íslenskt  
barnaefni  
á YouTubeLindarhvolstímar  
á borð Sigurðar

**STJÓRNSÝSLA** Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi, sem endurskoðaði reikninga Lindarhvals fyrir árin 2016 og 2017, fékk sundurliðaðar tímaskýrslur fyrir hverja einustu klukkustund sem lögfræðistofan Íslög rukkaði.

Skýrslurnar voru áritaðar af Hauki Camillusi Benediktssyni, sem sat í stjórn Lindarhvals. Að öðrum kosti segist Sigurður ekki hefðu getað samþykkt reikningana.

Fjármálaráðuneytið hefur frá árinu 2016 greitt Íslögum yfir 181 milljón króna, auk virðisaukaskatts, samtals 225 milljónir króna.

Engar tímaskýrslur fylgdu reikningunum. Þeir voru greiddir athugasemdalaust en kveðið er á um í verk-samningi að tímaskýrslur fylgi. SJÁ SIÐU 6

Fækkun ríkisstarfsmanna í  
kortum ríkisstjórnarinnar

Forsætisráðherra útilokar ekki skattahækkanir og boðar aðhald sem kunni að þýða fækkun starfsmanna. Þingmaður Sjálfstæðisflokks segir álögur ríkisins þegar of háar.

ser@frettabladid.is  
ggunnars@frettabladid.is



Katrín  
Jakobsdóttir,  
forsætis-  
ráðherra

**EFNAHAGSMÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að samstaða sé innan ríkisstjórnarinnar um þær leiðir sem boðaðar verði um miðja vikuna um aðhald í ríkisfjármálum.

„Það liggur alveg fyrir að við erum að tala um aðhald,“ segir Katrín. „Og það skilja allir hvað það þýðir,“

bætir hún við. „Það getur þýtt fækkun starfsmanna og það getur líka þýtt fækkun verkefna.“

Forsætisráðherra segir ríkisstjórnina vinna að því að sameina ríkisstofnanir. Ríkið verði að afla frekari tekna og skattahækkanir

séu ekki útilokaðar. Verðbólgan sé stærsta viðfangsefnið núna.

„Það kemur mér ekki á óvart að forsætisráðherra Vinstri grænna vilji grípa til skattahækkana,“ segir Óli Björn Kárasón, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Óli Björn segir álögur íslenska ríkisins þegar komnar langt upp fyrir það sem hófsamt geti talist. Háir skattar hér dragi úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

„Þessar hugmyndir eru ekki bara varhugaverðar, þær eru hreinlega óskynsamlegar. Auknar álögur draga líka úr getu okkar til að laða hingað starfsfólk og skapa verðmæti,“ segir Óli Björn. SJÁ SIÐU 4



Þú færð FRÉTTABLAÐIÐ  
á yfir 250 stöðum á landsvísu

Kynntu þér dreifinguna á [www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing](http://www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing)



## Fanney Birna nýr dagskrárstjóri hjá ríkisútvarpinu

jonthor@frettabladid.is

**FJÖLMIDLAR** Fanney Birna Jónsdóttir hefur verið ráðin dagskrárstjóri Rásar 1, en hún tekur við af Þresti Helgasyni sem sagði starfi sínu lausu í febrúar. Átján sóttu um stöðuna.

Fanney hefur starfað í fjölmiðlum um árabíl, en landsmenn ættu að kannast við hana af skjánum er hún stýrði Þjóðmálaumræðuþættinum Silfrinu á RÚV ásamt Agli Helgasyni.



Fanney Birna Jónsdóttir, nýr dagskrárstjóri Rásar 1

Fanney Birna segist ætla að hitta og ræða við samstarfsfólk sitt á Rás 1 og aðra í Efstaleitinu áður en hún tjáir sig um áherslur sínar sem dagskrárstjóri.

Fanney er nú formaður síðanefndar Bláðamannafélags Íslands. Spurð um hvort hún ætli sér bæði að vera dagskrárstjóri og formaður nefndarinnar á sama tíma segir hún að í ljósi þess að tilkynnt hafi verið um ráðninguna sé hún hreinlega ekki farin að hugsa svo langt.

„Ég mun eðli málsins samkvæmt taka stöðuna með nýjum vinnustað og formanni BÍ mjög fljótlega,“ segir hún. ■

## Tundurduflaslæðarar skammt frá borginni



Floti tundurduflaslæðara á vegum Atlantshafsbandalagsins kom til Reykjavíkur í gær en flotinn samanstendur af sex tundurduflaslæðurum. Forystuskip flotans er norska skipið HNoMS Nordkapp en hin skipin fimm eru ENS Sakala frá Eistlandi, FGS Rottweil frá Þýskalandi, HNoMS Otrá frá Noregi, BNS Bellis frá Belgíu og HNLMS Schiedam frá Hollandi. Munu skipin leita meðal annars að tundurduflum í Hvalfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Þrjú börn létust í skotárás í skóla

benediktarnar@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Sjö létust, þar af þrjú börn, í skotárás í Covenant-grunnskólanum í Nashville, Tennessee.

Lögregla var kölluð til á svæðið þegar tilkynnt var um vopnaðan einstakling í skólanum. Þrjú börn urðu fyrir skoti og voru þau flutt á sjúkrahús. Þau voru úrskurðuð látin stuttu síðar. Þá létust þrjú fullorðnir í árásinni, en þeir voru starfsmenn skólans.

Á meðal hinna látnu var einnig árásmáðurinn, 28 ára gömul kona, sem var vopnuð tveimur sjálfvirkum rifflum og skammbyssu. Greint hefur verið frá því að hún hafi stundað nám við skólann á yngri árum.

Konan lést eftir stuttan skotbardaga við lögreglu. Ekki hefur verið



Frá aðgerðum í Nashville þar sem enn eitt ódæðið var framið.

greint frá því hvort hún hafi látist völdum lögreglu eða hvort hún hafi svipt sig lífi.

200 börn stunda nám við Covenant-skólann, sem er kristinn einkaskóli fyrir börn á aldrinum ellefu til tólf ára. Þetta er tólfsta skotárásin í Bandaríkjunum í skólum á árinu. ■

## Undrast að Íslendingar vilji sem flesta ferðamenn til sín

Færeyingar hafa ekki uppi nein áform um að stórfjölgja ferðamönnum í eigin landi. Þvert á móti telja þeir að upplifun ferðamanna af Færeyjum sem perlu yrði stefnt í vöðva ef of margir gestir heimsæktu eyjarnar.

bth@frettabladid.is

**FÆREYJAR** Losunardeila Íslendinga og Evrópusambandsins, þar sem tekist er á um áhrif mengunarskatta á ferðamennsku á Íslandi, hefur vakið umræðu um fjölda ferðamanna. Hjá Landvernd hafa þau sjónarmið komið fram að losunarmálið sé tækifæri fyrir Íslendinga til að fækka ferðamönnum.

Á Hilton hótelinu í Þórshöfn segist starfsfólk vinna sérstaklega með það í huga að halda upplifun gesta sinna á rólegum nótum. Sumir starfsmanna hótelsins segja að þeir hafi sjálfir alist upp í dalnum sem blasir við frá hótelinu. Þakið á hótelinu er torfþak og hefur vakið athygli sem slíkt.

Starfsmaður á hótelinu segir að Færeyingarnir reyni að vera sögu sinni trúir í ferðaþjónustu sem öðru.

Mjög fáa aðflutta starfskrafta er að finna í hópi þeirra sem umgangast gestina á hótelinu mest. Á sama tíma ber erlent vinnuafli íslenska ferðaþjónustu uppi. Færeyingar setja spurningarmerki við að Íslendingar einblíni á massatúrismi. Þá benda þeir á að meiri gæði séu fólgin í þjónustu ef staðkunnugir starfsmenn svari spurningum ferðamanna. Sú saga hafi gengið í Þórshöfn að sá sem aki hringinn í kringum Ísland geti átt von á að hitta aldrei einn einasta Íslending



Við höfnina í Þórshöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ/BP



Það var kalt á alþjóðaflugvelli í Vogum í Færeyjum í gær og ekkert stress.

sem starfsmann þótt hann gisti á tíu ólíkum hótelum.

Barþjónn á veitingastað í Þórshöfn segist efins um sjálfbærni þess að fjölga ferðamönnum endalaust með erlendu vinnuafli, bæði fyrir náttúruna og greinina. Ferðamennska gangi út á sögur og tengsl.

Fjöldi ferðamanna í Færeyjum verður innan við 200.000 í ár. Samkvæmt spá Isavia gæti fjöldi erlendra ferðamanna hér á landi farið í á þriðju milljón. Munurinn á fjölda ferðamanna í þessum tveimur löndum verður því ekki minna en tuttugufaldur. ■

### Mikið úrval af borðstofuborðum frá CASÖ



Embla hrinborð 120 cm og 140 cm reykt eik og nature eik.

**NYFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



# Lífið í nýrri mynd, nú með hljóði

**Beltone Imagine™** – hágæða heyrnartæki

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.



Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

**HEYRNARSTÖÐIN**





# Hugmyndir um skattahækkunar ekki skynsamlegar

ggunnars@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL** „Það kemur mér ekki á óvart að forsætisráðherra Vinstri grænna vilji grípa til skattahækkana. Hún hefur aldrei farið leynt með þá skoðun sína. Rétt eins og ég hef aldrei farið dult með þá skoðun mína að við eigum ekki að gera það,“ segir Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Hann segir hugmyndir Katrínar Jakobsdóttur um hærri álögur til að koma böndum á rekstur ríkissjóðs og halda aftur af verðbólgu sér ekki að skapi, en búist er við að fjármálaráðherra leggi fram fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fjögurra ára síðar í þessari viku.

Óli Björn segist margsinnis hafa lýst því yfir að álögur íslenska ríkisins séu þegar komnar langt upp



Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

fyrir það sem hófsamt geti talist. Skattar hér séu of háir í alþjóðlegum samanburði og það dragi úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

„Þessar hugmyndir eru ekki bara varhugaverðar, þær eru hreinlega óskynsamlegar. Auknar álögur draga líka úr getu okkar til að laða hingað starfsfólk og skapa verðmæti.“

Óli Björn segir engu líkara en að

verið sé að nálgast verkefnið frá röngum enda.

„Ef markmiðið er að leiðrétta hallarekstur ríkissjóðs þá gerum við það ekki með skattahækkunum. Við gerum það með því að gæta hófs og draga úr útgjöldum.“

Ég hef haft áhyggjur af útgjaldaaukningu undanfarinna ára og hvernig þeir fjármunir eru nýttir,“ segir Óli Björn. ■



Áfram er þó stefnt að því að Condor fljúgi til Akureyrar og Egilsstaða.

## Condor frestar að fljúga til Íslands

benediktarnar@frettabladid.is

**FLUG** Þýska flugfélagið Condor hefur tilkynnt að hætt verði við áætlunarflug til Akureyrar og Egilsstaða frá Frankfurt á þessu ári. Til stóð að flogið yrði um miðjan maí og fram í október, en ljóst er að ekkert verði úr því.

Að sögn Sigrúnar Bjarkar Jakobsdóttur, framkvæmdastjóra Isavia, hefði þurft meiri fyrirvara til að tryggja betri bókanir. Hún vonast til að það verði úr millilandafluginu milli Þýskalands og Norður- og Austurlands á næsta ári. ■

## Ekki færri keypt íbúð í janúar í meira en áratug

benediktarnar@frettabladid.is

**FASTEIGNIR** Alls voru 411 kaupsamningar gefnir út í janúar á landinu öllu og hafa ekki verið færri síðan í janúar 2012. Þetta kemur fram í mánaðarskýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Um 700 íbúðir voru teknar úr sölu í febrúar. Tölf mánaða verðhækkun íbúðarhúsnæðis mælist nú 12,4 prósent á höfuðborgarsvæðinu og fer hratt lækkandi. Þá jókst hlutfall íbúða á höfuðborgarsvæðinu sem seldust á yfirverði um 2 prósent. ■

# Væntanlegt aðhald hjá ríkinu getur þýtt að starfsfólki verði fækkað

Forsætisráðherra boðar aðhald í ríkisfjármálum sem kann að þýða fækkun starfsmanna, fækkun verkefna og fækkun eða sameiningu stofnana.

ser@frettabladid.is

**EFNAHAGSMÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að samstaða sé innan ríkisstjórnarinnar um þær leiðir sem boðaðar verði um miðja vikuna um aðhald í ríkisfjármálum.

„Það liggur alveg fyrir að við erum að tala um aðhald,“ segir Katrín. „Og það skilja allir hvað það þýðir,“ bætir hún við. „Það getur þýtt fækkun starfsmanna og það getur líka þýtt fækkun verkefna.“

Hún nefnir að hægja megi á eða fresta einhverjum verkefnum á vegum ríkisins, án þess þó að nefna hvaða verkefni þar er um að ræða. Í öllu falli blasi niðurskurður við.

Hún segir það ekkert launungarmál að ríkisstjórnin hafi verið að vinna að því á undanförunum mánuðum að sameina ríkisstofnanir og eftir atvikum að fækka þeim, sem þurfi þó alls ekki að draga úr þjónustustigi hins opinbera, heldur jafnvel þvert á móti.

Hún segir að samhlíða aðhaldi í rekstri verði ríkissjóður að afla frekari tekna. Í þeim efnum útilokar hún ekki skattahækkunar, en leggur áherslu á að verja almannatjónustuna og hag þeirra tekjulægstu sem hafa orðið mest fyrir barðinu á verðhækkunum og vaxtahækkunum að undanförunum.

„Það er alveg ljóst að verðbólgan er okkar stærsta viðfangsefni núna, hún hefur áhrif á okkur öll, þar á meðal lántakendur vegna hærri vaxta og það þarf ekki annað en að fara út í búð til að verða var við verðhækkunar á nauðsynjum.“



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir augljóst að nýta ríkisfjármálin til að vinna með Seðlabankanum að því að ná niður verðbólgunni og bendir á að allar stofnanir samfélagsins þurfi að róa í sömu átt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Yfir tuttugu prósent fjölgun ríkisstarfsmanna frá 2015

Ríkisstarfsmönnum hefur fjölgað langt umfram það sem gerst hefur á almennum vinnu-markaði á síðustu árum.

Í nýrri skýrslu Félags atvinnurekenda um þá þróun segir að á árabílinu 2015 til 2021 hafi opinberum starfsmönnum fjölgað um 11.400. Samkvæmt þeim tölum hefur fjöldi opinberra starfsmanna aukist um ríflega

21,4 prósent á þessum sex árum. Á sama tíma fjölgaði starfsfólki á almenna markaðnum um 4.200 sem er um þriggja prósent aukning.

Fjölgun ríkisstarfsmanna er mest í opinberri stjórnsýslu en þar hefur starfsmönnum fjölgað um 4.600 frá árinu 2015. Það er um 60 prósent aukning á sex árum.

Í svona árferði verði að bregðast við af fullum þunga. „Og augljóslega nýtum við ríkisfjármálin til að vinna með Seðlabankanum að því að ná niður verðbólgunni,“ segir Katrín.

Hún óttast ekki andstöðu við boðaðar aðhaldsaðgerðir og aukna tekjuöflun innan samstarfsflokka-anna í ríkisstjórn. Nú ríði á að allar stofnanir samfélagsins rói í sömu átt.

„Við eru öll sammála um markmiðin,“ segir hún um ráðherra stjórnarinnar og stjórnarþingmenn. ■

## Drakk vodka en sýknuð af ákæru um að berja son sinn

benediktboas@frettabladid.is

**REYKJANES** Móðir sem kvaðst hafa drukkið 200 millilítra af vodka eftir að hafa sótt fimm ára son sinn á leikskóla var sýknuð í Héraðsdómi Reykjaness á föstudag af ákæru um að hafa sparkað í hann og klórað.

Sýknudómurinn yfir konunni var birtur í gær.

Í blástursprófi á lögreglustöð eftir handtöku mældist konan með 1,97 prómill af áfengi í blóðinu

Híð meinta brot átti sér stað mánudaginn 9. maí 2022. Móðurinni var gefið að sök að hafa sparkað einu sinni í bók sonar síns inni í svefnherbergi drengsins og síðar slegið einu sinni í vinstri síðu hans í stofu heimilisins.

Drengurinn gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi þar sem hann sagði að móðir hans hefði meitt hann með hendinni og benti á vinstri síðu og



Barnið sýndi lögreglumanni sem kom á vettvang áverka á síðu og sagði að móðir hans hefði sparkað í hann og sýndi með látbragði hvernig hún hefði sparkað. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

maga. Hann sagði að móðir hans hefði einnig sparkað í hann og það hefði verið vont. Hann hefði fundið til í maganum og farið að gráta. Í kjölfarið hefði hún sagst ætla að lemja hann.

Drengurinn lýsti því að móðir hans hefði meitt hann mörgum sinnum og í eitt skiptið hefði hann dottið í gólf og meitt sig meira.

Þá sagði drengurinn að faðir hans væri að lemja hann með hendinni í rassinn og hausinn og það hefði gerst mörgum sinnum. Þegar faðirinn lemdi hann í bossann tæki faðir hans buxur brotþola niður og hann meiddi sig í bossanum.

Segir í niðurstöðu dómstólsins að varhugavert sé að telja það sannad, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að móðirin hafi gerst sek um það ofbeldi sem henni var gefið að sök. Hún verði ekki dæmd fyrir þá hegðun sem greini frá í ákærunni og sé því sýknuð. ■

**FRÁBÆRT TILBOÐ**  
á [kver.is](http://kver.is) – kr. 2.799

Dásamlega ævintýrið um Jakob og risastóru ferskjuna er nú komið í nýrri þýðingu Sólveigar Sifjar Hreiðarsdóttur. Fæst í bókabúðum og á [kver.is](http://kver.is). Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!





# NÝSKÖPUNARMÓT ÁLKLASANS

Háskólinn í Reykjavík  
Þriðjudagur 28. mars  
kl. 14-16 – stofa M101

## Opnun viðburðar

- **Ágúst Valfells**, forseti verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík
- **Sigurður Magnús Garðarson**, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands

## Þrjár víddir álfraðleiðslu í Þýskalandi

- **Roman Düssel**, deildarstjóri rafgreiningu hjá Trimet

## Reglunarafl frá álverum

- **Eyrún Linnet**, Stofnandi og stjórnarformaður Snerpa Power

## Kaffihlé

### Örerindi

- **Rúnar Unnþórsson**, prófessor við Háskóla Íslands  
Áljóna rafhlöðusellur - niðurstöður notkunarprófana
- **Christiaan Richter**, prófessor við Háskóla Íslands  
Aluminum as hydrogen source
- **Erna Sif Arnardóttir**, dósent í Háskólanum í Reykjavík  
The importance of sleep for shift workers
- **Anna Sigríður Islind**, dósent í Háskólanum í Reykjavík  
Improved shift system at Alcoa
- **Kristján Leósson**, vísindastjóri DTE  
Recent developments at DTE
- **Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir**, prófessor við Háskólann í Reykjavík  
SisAl verkefnið: verðmæti úr úrgangsefnum

## Afhending nemendaviðurkenninga og kynning á nemendaverkefnum

Í lok dagskrár verður boðið upp á léttar veitingar

ÁLKLASINN

samál  
SAMTÖK ÁLFRAMLEIÐENDA

SI  
Samtök iðnaðarins

HÁSKÓLI  
ÍSLANDS

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY



# Sigmar vill rétta hlut fjölmiðla í dómsölum

ser@frettabladid.is

**ALÞINGI** Sigmar Guðmundson, alþingismaður Viðreisnar, hefur lagt fram frumvarp til laga um að auðvelda fréttamiðlum að skýra frá opnu réttarhaldi, en hann segir að þeirrar tilhneigingar gæti í auknum mæli innan réttarkerfisins að loka á fjölmiðla.

„Þetta er fullkomið viðbragð við þeirri ósvinnu að fjölmiðlar geti ekki sagt fréttir úr dómsölum í opnu þinghaldi svo vikum skiptir,“ segir Sigmar og vitnar þar til stóra kókaín málsins svokallaða þar sem fjölmiðlum var bannað að greina frá skýrslutökum á meðan þær fóru fram, vikum saman.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að samfélagið hafi ríka hagsmunir af því að starfsemi dómstóla sé gagnsæ og fari fram fyrir opnum tjöldum nema þegar hagsmunir aðila, öryggi ríkisins eða hætta á sakarspjöllum leiði til annars. Í því ljósi sé frumvarpið lagt fram til að taka af allan vafa um að bann við samtímafrásögn eigi eingöngu við þegar aðili, sakborningur eða vitni gefi skýrslu sína en ekki á meðan skýrslutökur standi yfir í lengri tíma. Í öðrum tilvikum sé bann við fjölmiðlaumfjöllun til þess eins



Það skapar hættu ef þeir loka sig af.



Sigmar Guðmundson, alþingismaður Viðreisnar

fallið að takmarka aðgengi almennings að upplýsingum í annars opnu þinghaldi.

„Þeirrar þróunar hefur gætt hjá dómstólum landsins að loka sig heldur af en að opna fjölmiðlum dyr sínar,“ segir Sigmar. „Það er til þess eins að rýra traust í samfélaginu.“

Hann segir dómstóla verða að taka tillit til þess að fjölmiðlun hefur breyst með samfélagsmiðlum og fleiri tegundunum fjölmiðlunar og réttarkerfið þurfi einfaldlega að laga sig að þeim breytingum. „Það skapar hættu ef þeir loka sig af,“ segir Sigmar Guðmundsson. ■



Nina Tryggvadóttir gerði barnabækur sem nú eru fágætar.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## Barnabækur Nínu og Spaks manns spjarir Þórbergs meðal uppboðsbóka

benediktboas@frettabladid.is

**MENNING** Bókauppboði Foldar lýkur í dag en um helmingur bókaanna er áritaður af höfundum, stundum til annarra höfunda. Í nokkrum tilfellum eru ljóð handskrifuð á eintökin með áritun höfunda. Bækurnar gefa góða mynd af helsta kveðskap síðustu aldar.

Meðal bóka sem eru boðnar upp eru Kvæðakver Halldórs Laxness og bækur Einars Braga, áritaðar til Hannesar Sigfússonar og Vilborgar Dagbjartsdóttur.

Þá verða hinar merkilegu barnabækur Nínu Tryggvadóttur boðnar

upp en sumar þeirra sjást sjaldan á markaði, segir í tilkynningu frá uppboðshúsinu.

Verk eftir Þórberg Þórðarson verða boðin upp, má nefna Hvíta hrafna og fágætt verk sem Þórbergur gaf út undir dulnefninu „Styrr stofuglamur“ og heitir Spaks manns spjarir. Sú bók er innbundin af bókbandsmeistararum Sigurþóri Sigurðssyni. Segir í tilkynningunni að Sigurþór sé að mati fagmanna besti bókbandsmeistari sem Ísland hefur átt.

Fyrsta bókin verður boðin upp klukkan 18 og síðan á tveggja mínútna fresti. ■

## Tapa milljónum en eiga mikið inni

benediktboas@frettabladid.is

**SUÐURNES** Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum var lagður fram í byrjun mánaðarins en hann sýnir að tap er á rekstrinum upp á hartnær 12 milljónir og er það útskýrt með hækkun á lífeyrissjóðsskuldbindingum upp á tæpar 16 milljónir.

Þá skuldar Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sambandinu heilar 52 milljónir sem stjórnin leggur til að verði greiddar upp á tveimur árum. ■



Tæprar milljónar tap var á rekstri SSS á mánuði í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Fjármálaráðuneyti Bjarna Benediktssonar hefur ítrekað fullyrt ranglega að engar tímaskýrslur séu til staðar vegna þúsunda tíma vinnu fyrir einkahlutafélag ráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fjármálaráðuneytið sagði ósatt um tímaskýrslur

Fjármálaráðuneytið hefur ranglega haldið því fram að engar tímaskýrslur séu til staðar vegna reikninga sem Lindarhvoll greiddi lögmannsstofu Steinars Þórs Guðgeirssonar. Vekur það spurningar um innra eftirlit ráðuneytisins og eftirlit Ríkisendurskoðunar með starfsemi þess.

olafur@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði á Alþingi 13. mars síðastliðinn að forsíðufrétt Fréttablaðsins 10. mars um að ráðuneytið og Lindarhvoll, einkahlutafélag ráðuneytisins, hefðu greitt reikninga frá Íslögum, lögmannsstofu Steinars Þórs Guðgeirssonar, fyrir tíu þúsund tíma án þess að tímaskýrslur lægju að baki þeim væri með öllu röng.

Þegar Fréttablaðið innti ráðherrann eftir því nákvæmlega hvað það væri í fréttinni sem væri rangt kom svar í tölvupósti frá ráðuneytinu, 15. mars, þar sem ítrekað var að ekkert í fréttinni stæðist skoðun.

Raunar stenst fátt í svári ráðuneytisins skoðun. Orðrétt segir: „Í tilviki Lindarhvals fylgdu ekki sundurlíðaðar tímaskýrslur reikningum heldur voru skýringar látnar stjórn félagsins í té reglulega á meðan eiginleg starfsemi fór fram, á yfir 40 stjórnarfundum. Þetta fyrirkomulag var samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins og með samkomulagi við Íslög.“

Sem sagt engar tímaskýrslur heldur gerði Steinar Þór stjórninni grein fyrir gangi vinnunnar á



**Sigurður Þórðarson sagðist hafa fengið áritaðar tímaskýrslur vegna vinnu Steinars Þórs Guðgeirssonar fyrir Lindarhvol. Annars hefði hann ekki samþykkt reikninga.**

fundum. Þetta er ekki í samræmi við verksamninginn sem gerður var milli Íslaga og Lindarhvals, en hann kveður skýrt á um að reikningum skuli fylgja tímaskýrslur.

Þetta er heldur ekki í samræmi við staðreyndir. Fréttablaðið leit aði til Sigurðar Þórðarsonar, fyrrverandi setts ríkisendurskoðanda, sem endurskoðaði reikninga Lindarhvals fyrir árin 2016 og 2017.

Sigurður tjáði blaðamanni að hann hefði krafist þess að fá tímaskýrslur með reikningum Íslaga þegar hann endurskoðaði ársreikningana. Með eftirfylgni fékk hann sundurlíðaðar tímaskýrslur fyrir hverja einustu klukkustund sem Íslög rukkuðu. Tímaskýrslurnar voru áritaðar af Hauki Camillusi Benediktssyni, sem sat í stjórn Lindarhvals á þessum tíma. Að öðrum kosti sagðist Sigurður ekki myndu hafa getað samþykkt reikningana.

Af þessu er ljóst að í tölvupósti upplýsingafulltrúa fjármálaráðuneytisins, 15. mars 2023, er farið með bein ósannindi þegar

fullyrt er að samkvæmt sérstakri stjórnarsamþykkt Lindarhvals og samkomulagi við Íslög hafi verið ákveðið að ekki yrðu gerðar sundurlíðaðar tímaskýrslur heldur skyldi stjórninni greint frá gangi vinnunnar á stjórnarfundum.

Erfitt er að átta sig á því hvernig á því stendur að ráðuneytið kys að fara með ósannindi fremur en að leggja fram tímaskýrslurnar. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur ekki heldur fengið þessar tímaskýrslur afhentar. Einungis fengið sömu svör og blaðamenn, að þær séu ekki til staðar.

Því var með öðrum orðum ranglega haldið fram í forsíðufrétt Fréttablaðsins, 10. mars 2022, að ekki væru tímaskýrslur á bak við reikninga Íslaga til Lindarhvals. Sú staðhæfing byggðist hins vegar á röngum upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu og Lindarhvoli – röngum upplýsingum sem ráðuneytið ítrekaði í tölvupóstinum, 15. mars.

Eftir stendur að engar tímaskýrslur fylgdu þeim reikningum sem Íslög sendu beint á ráðuneytið. Þeir voru greiddir athugasemdalaust án þess að tímaskýrslur fylgdu en kveðið er á um slíkt í verksamningi.

Í ljósi ofangreinds er eðlilegt að spyrja hvernig innra eftirliti fjármálaráðuneytisins er háttað og hvernig á því stendur að Ríkisendurskoðun samþykkir greiðslu reikninga út úr ráðuneytinu þrátt fyrir að þeir séu ekki í samræmi við verksamninga. Ekki virðist standa steinn yfir steini í þessum efnun.

Fréttablaðið mun óska eftir að fá afhentar þær tímaskýrslur sem fjármálaráðuneytið segir að séu ekki til. ■

## Fristundamiðstöðvar gagnrýna verkferla borgarinnar

benediktarnar@frettabladid.is

**SKÓLAMÁL** Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata þess efnis að börn mæti ekki aftur á leikskóla eftir útskrift, heldur fari í aðlögun í grunnskóla, hefur verið samþykkt af meirihlutanum. Framkvæmdastjórn frístundamiðstöðva lýsir yfir áhyggjum vegna málsins og gagnrýnir verkferla nefndarinnar.

Í tillögunni segir að um tilrauna- verkefni sé að ræða fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu.



Lagt er til að leikskólabörn fari í aðlögun í grunnskóla eftir útskrift.

Með þessu ætlar meirihlutinn að losa leikskólaláss í borginni fyrr.

Verkefnið á að hefjast í ágúst og mun í byrjun aðeins ná til nokk-

urra starfsstöðva sem taka þátt í tilraunaferlinu.

Framkvæmdastjórn frístundamiðstöðva lýsti yfir áhyggjum sínum af breytingartillögunni, þar sem ekki hefði verið tekið tillit til eða unnið með umsagnir fagaðila og mikil mannekla háir starfsemi skólanna.

Framkvæmdastjórnin telur það vera grundvallaratriði að taka mið af umsögnum og hafa samráð við fagaðila þegar um er að ræða eins viðkvæmar breytingar og tilrauna- verkefni fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu, segir í bókun hennar. ■



# Gríptu tækifærið



Nautasnitsel  
með smælki og rauðkáli

**1.295,-**

Kjúklingabringa  
með frönskum, brokkolí  
og bernaisesósu

**1.295,-**



Bragðaðu á tímabundnum réttum  
á veitingastað IKEA – gríptu tækifærið!

Veitingastaðurinn er opinn **11-19:30** alla daga  
Skoðaðu aðra afgreiðslutíma á [IKEA.is](https://www.ikea.is)





## SNJÓFLÓÐ

## Yfirgáfu heimili sín eftir snjóflóð

Neyðarstigi var lýst yfir þegar að minnsta kosti þrjú snjóflóð féllu í og við Neskaupstað í Norðfirði í gær. Heimili voru rýmd og íbúum var boðin sálræn aðstoð á fjöldahjálparstöðvum.

benediktarnar@frettabladid.is

Enginn slasaðist alvarlega þegar þrjú snjóflóð féllu í og við Neskaupstað í gær, en tíu slösuðust þegar gluggar sprungu og snjórinn komst inn í húsin. Ríkislögreglustjóri ákvað í gærkvöldi að aflýsa neyðarstigi, en það var mat lögreglunnar að enginn væri í bráðri hættu.

Guðmundur Rafnkell Gíslason, íbúi í Neskaupstað, neyddist til að yfirgefa heimili sitt vegna snjóflóðsins.

„Við vöknudum við að það var verið að hringja í okkur en urðum ekki vör við flóðið,“ segir Guðmundur, en hann og eiginkona hans fá að gista hjá vinafólki í nótt.

Sæþór Sigursteinsson, íbúi í fjölbýlishúsi sem snjóflóðið féll á, segir að það hafi tekið tíma að átta sig á hvað hafði gerst. Hann fann skellinn og húsið nötra, en þegar hann heyrði neyðaröskur af neðri hæð hússins var hann ekki lengi að bregðast við.

„Svona nývaknaður áttaði maður sig ekki á því að það hefði verið snjóflóð, þrátt fyrir að það væri allt kjaftfullt af snjó inni í húsinu,“ segir Sæþór.

Hann þurfti að leggjast inn á spítala eftir að hann skar sig á glerbroti við að fylgja fjölskyldu sinni í öruggt skjól. ■



Ljóst er að það mun taka einhvern tíma og töluverða fjármuni að gera allt fallett og fint að nýju.

MYND/LANDBSBJÖRG



Þyrla Landhelgisgæslunnar kom austur í gær með mannskap.

MYND/KRISTÍN

Mörg heimili í Neskaupstað hafa sett upp álika skilti þar sem segir að heimilið hafi verið yfirgefið.

MYND/KRISTÍN  
HÁVARÐSDÓTTIR



Samtakamátturinn var mikill og allir lögðu hönd á plóg.

MYND/KRISTÍN



Um 500 manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín en neyðarstigi var aflétt í gærkvöldi.

MYND/LANDBSBJÖRG



Í Egilsbúð í Neskaupstað voru um 200 manns þegar mest var.

MYND/KRISTÍN



# Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá öllum í fjölskyldunni

ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!



Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!



Sigurlaug (kaldi potturinn)  
148.000 kr.



Snorralaus  
329.000 kr.



Grettislaus  
285.000 kr.

Plastglös  
Ýmsar stærðir og nokkrir litir  
Verð frá 985 kr.



Háfur m/lengjanlegu skafti  
5.950 kr.



Flotbakki með hölfum  
4.900 kr.



Bursti 130 og 150 cm skaft  
7.900 kr.


Algjör slökun!

Fljótandi „hengirúm“ í pottinn og laugina - eða með í töskunni til Tene



25% afsláttur

Fljótandi „hengirúm“. Margir litir  
2.925 kr.



Vatnsheld spil  
2.950 kr.

UNO vatnsheld spil  
3.490 kr.



## NORMX

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX · Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is



## ÓLGA Í ÍSRAEL

# Mótmæla fyrir betri framtíð og lýðræði í Ísrael

Mestu mótmæli í sögu Ísraels eiga sér stað um þessar mundir á meðan stjórnálmenn og hæstiréttur landsins rífast um völd. Ísraelsmaður segir að mótmælin séu tækifæri til breytinga.

helgisteinar@frettabladid.is

**ÍSRAEL** Dagan Shimoni, forstöðumaður menntasviðs Pardes í Tel Aviv, segir í samtali við Fréttablaðið að mótmælin sem eiga sér nú stað í Ísrael snúist um það hvernig lýðræði þjóðarinnar muni líta út í framtíðinni. Hann segir að ákvörðun forsætisráðherra Ísraels um að reka varnarmálaráðherra á sunnudaginn hafi aðeins stappað stálinu enn frekar í mótmælendur.

„Mótmælin höfðu aukist jafnt og þétt síðustu tólf vikur en ákvörðun Netanjahú um að reka varnarmálaráðherra skapaði nokkurs konar höggbylgju. Þessi ákvörðunin var tekin klukkan níu að kvöldi og klukkan tíu voru hundruð þúsunda manna mætt út á götur. Þetta voru stærstu mótmæli í sögu Ísraels.“

Látlaus mótmæli hafa staðið yfir í Ísrael seinustu tólf vikur gegn áformum ríkisstjórnarinnar um að draga úr völdum dómstóla landsins. Áformin um að breyta lögum og dómstólum voru kynnt fljótlega eftir að samsteypustjórn flokks Netanjahú og fimm annarra hægrisinnaðra flokka var mynduð fyrir áramót.

Stjórnarandstæðingar hafa sagt markmið núverandi ríkisstjórnar vera að auka völd sín á kostnað dómkerfisins. Ein lagabreytingin sem samþykkt var á Knesset, ísrælska þinginu, felur meðal annars



Það hefur verið vaxandi reiði í samfélaginu undanfarið og núna er hún að brjótast út.



Dagan Shimoni, forstöðumaður menntasviðs Pardes í Tel Aviv

í sér að ríkissaksóknari landsins getur ekki lýst því yfir að forsætisráðherra sé vanhæfur til að gegna starfi sínu. Andstæðingar forsætisráðherrans segja að þetta sé gert til að sporna við því að honum verði bolad úr stjórn en hann er sakaður um spillingu, fjársvik og umboðssvik.

Dagan segir að núverandi átök innan ísrælsku ríkisstjórnarinnar snúast um áratuga langt stríð á milli hæstaréttar og stjórnálmanna. Margir hægrisinnaðir stjórnálmenn í Ísrael hafa sakað hæstaréttinn um að vera vinstrisinnaðan og hefur umhverfið skapað ákveðna pólitíska pattstöðu á milli frjálslyndra og íhaldssamra Ísraelsmanna.

„Í þau fjölmörgu ár sem Netanjahú var við völd var í raun aldrei deila á milli hans og hæstaréttar. Svo kom þessi spillingarrannsókn fyrir einhverjum tíu árum síðan og allt breyttist. Þá bardist hann harkalega gegn hæstaréttinum til



Dagan Shimoni segir þetta vera fjölmennustu mótmæli í sögu Ísraels en rúmlega 600 þúsund manns hafa mótmælt.

að tryggja að hann héldi völdun,“ segir hann.

Dagan bætir við að mótmælin séu líka farin að varpa ljósi á mörg samfélagsleg vandamál í Ísrael. Til að mynda er mikil stéttaskipting á milli svokallaðra Ashkenazi-gyðinga, sem eiga rætur sínar að rekja til Evrópu, og Sephardi-gyðinga, sem eru ættaðir frá Norður-Afríku og Mið-Austurlöndunum.

Hann segir flesta þá sem fara með völdin í landinu vera Ashkenazi og hafa þeir að auki aðgang að mesta auðnum í landinu. Mjög fá tækifæri eru til staðar fyrir gyðinga sem eru ekki ættaðir frá Evrópu.

„Þetta er slagurinn og við erum loksins að gera eitthvað í þessu. Það hefur verið vaxandi reiði í samfélaginu undanfarið og núna er hún að brjótast út. Fólk segir líka að við séum í raun og veru ekki lýðræðisríki þar sem við erum búin að her-taka tvær milljónir manna. Þannig að þetta veltir allt á spurningunni um hvernig lýðræði við viljum.“ ■







FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Áhugaverðar upplýsingar um mótmælin í Ísrael og hvað gæti gerst næst**

- Samkvæmt ísraelskum fréttamiðlum eru hátt í 600 þúsund manns að mótmæla á götum landsins. Það samsvarar rúmlega 6,5 prósentum af allri þjóðinni.
- Það er ekki aðeins almenningur sem mótmælir úti á götu. Bankar, verkalyðsfélög og hermenn hafa einnig gengið til liðs við mótmælendur.
- Starfsfólk flugvalla, hafna og veitingastaða á borð við McDonald's hefur efnt til verkfalla.
- Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, er oft kallaður „Bibi“ á mótmælaskiltum en það mun hafa verið gælunafn hans sem barns. Mótmælendur og stjórnarandstaða viðhalda því nafni til að gera lítið úr honum.
- Ef ríkisstjórn Netanjahú lætur ekki af áætlunum um að hefta völd hæstaréttar gæti hæstiréttur einfaldlega ógilt þá löggjöf en á sama tíma myndi ríkisstjórnin einfaldlega ekki virða ákvörðun hæstaréttar.
- Þessi pattstaða innan ríkisstjórnarinnar gæti myndað mjög fjandsamlegt pólitískt umhverfi í Ísrael sem gæti líka leitt til harkalegrí utanríkisstefnu í Mið-Austurlöndunum, sérstaklega gagnvart Palestínu og Íran.

**Hægrisinnaðasta ríkisstjórn í sögu Ísraels**

Benjamin Netanjahú tók aftur við valdataumum seint í desember 2022 og myndaði ríkisstjórn með nokkrum af hægrisinnaðustu stjórnámálamönnum í sögu Ísraels.



**1 Itamar Ben-Gvir:** Leiðtogi flokksins Gyðinglegs valds varð öryggismálaráðherra í nýrri stjórn Netanjahú og tók þar með við stjórn ísraelsku lögreglunnar.

**2 Bezalel Smotrich:** Leiðtogi Trúarlega zionistaflokksins og fjármálaráðherra landsins. Hefur einnig yfirumsjón með hernumdu svæðunum á Vesturbakkanum.

Ben-Gvir var ákærður árið 2007 fyrir hatursorðræðu og stuðning við hryðjuverkasamtök strangtrúaðra gyðinga. Hann hefur kallað eftir tilslökun á reglum hersveita um beitingu vopna.



Smotrich hefur talað fyrir aðskilnaði gyðinga og araba á fæðingardeildum og sagði nýlega að Palestínumenn væru ekki til.

**3 Aryeh Deri:** Leiðtogi rétttrúnaðarflokksins Shas. Átti að gegna embætti heilbrigðis- og innanríkisráðherra en hæstiréttur Ísraels úrskurðaði gegn því sökum skattsvikasögu hans.

**4 Avi Maoz:** Leiðtogi Noam-flokksins. Var kjörinn til að efla ímynd gyðinga í skólum en sagði af sér í lok febrúar.

Var fundinn sekur árið 1999 um mútubægni, fjársvik og misnotkun á trausti almennings.

Hefur talað gegn því að konur fái jöfn tækifæri í hernum og vill að hætt verði við árlegar gleðigöngur í Tel Aviv.

Heimildir: Haaretz, Reuters, Times of Israel Myndir: Newscom, Getty Images © GRAPHIC NEWS





# Fermingarkvíði



Birna Dröfn  
Jónasdóttir  
birnadrofn  
@frettabladid.is

**M**íðað við mörg önnur lönd í heiminum er stéttaskipting ekki mikil á Íslandi. Sérstaklega ekki andleg stéttaskipting en hér er efnahagsleg stéttaskipting þó að aukast og hún er að verða meira áberandi.

Við heyrum fréttir þess efnis að aldrei hafi fleiri leitað til Hjálparstarfs kirkjunnar en þangað leituðu í fyrrahaust 160 fjölskyldur með 300 börn þegar skólinn var að byrja. Hjálpræðisherinn er að sprengja utan af sér og sjóðir hans að þorna upp. Í febrúar gaf Hjálpræðisherinn um 5.400 matarskammta, eða 190 á dag að meðaltali, samanborið við tæplega 2.900 á sama tíma í fyrra.

Ójöfnuðurinn í samfélaginu er sjáanlegur og hann hefur áhrif víða. Um liðna helgi fylltust samfélagsmiðlar af börnum að fermast. Á Íslandi fermast nánast öll börn. Algengt hlutfall fermingarbarna í árgöngum er 90 prósent en það hefur þó gerst að öll börn innan árgangs ákveði að fermast.

Fyrirkomulagið er svo athöfn í kirkju eða á öðrum samkomustað og að athöfn lokinni er veisla til heiðurs fermingarbarninu. Sjálf stend ég nú í miðjum fermingarundirbúningi og ekki stæri ég mig af því að hafa verið með skipulagið í fyrirrúmi heldur er ég nú, þegar afar stutt er í stóra daginn, að hefjast handa almennilega.

Ég skráði mig því í alla Facebook-hópa tengda fermingum í leit að góðum ráðum um magn af veislumat, skreytingar og svo framvegis. Það var þó ekki eina umræðan í hópnum. Á einum þræði var rætt hvaða skemmtiatriði fólk ætlaði að bjóða upp á í veislunni, hver væri besti töframaðurinn, hvar væri best að leigja hljóðkerfi og hversu mörg páskaegg þyrfti í vinninga væri ákveðið að hafa bingó í veislunni.

Annar þráður sneri að því hvað ætti að gefa fermingar börnum í gjafir, oftast voru það utanlandsferðir eða peningar. Upphæðirnar hlupu þá á tugum eða hundruðum þúsunda og ferðirnar voru allt frá tveimur vikur á Tenerife til vinkonuferðar í New York þar sem dvalið yrði á fjögurra stjörnu hóteli í viku.

Enn einn þráðurinn sneri að kvíða tengdum fermingum. Hann var skrifaður af einstæðri móður sem ekki hafði mikið á milli handanna. Hún benti á að hún hefði komið inn í þessa Facebook-hópa í leit að ýmsum ráðum. Hún uppskar í staðinn kvíða og vanmátt og benti á að fermingum væri farið að svipa til brúðkaupa. Svo mikið væri umfangið og metnaðurinn. Ég er sammála henni og það hryggir mig að stéttaskipting komi svo skýrt í ljós á milli fermingarbarna. ■



Ójöfnuðurinn í samfélaginu er sjáanlegur og hann hefur áhrif víða.

## HALLDÓR



## FRÁ DEGI TIL DAGS

gar@frettabladid.is

### Upp og niður

Fram undan eru aðgerðir hjá stjórnarflokknum sem ætla að reyna að stemma stígu við verðbólgunni sem hér er við það að fara úr böndunum. Vísast verður þar margt gáfulegt uppi á teningnum. Hluti af lausninni er að skera ríkisútgjöldin upp og skera þau niður. Er þar vitanlega úr vöndu að ráða því ríkið hefur hingað til ekki verið að eyða peningum í eitthvert vafasamt kjaftæði sem við þurfum alls ekki á að halda. Vonandi verða nú hækkadír á okkur skattar frekar en að skera niður í 500 milljóna króna kostnaði vegna útblásinnar löggæslu í kring um partí á vegum Evrópuráðsins sem hér verður í maí og stendur í heila tvo daga.

### Hægri og vinstri hönd

Á sama tíma og ráðherra ríkisútlagsmála lætur að því liggja að vilji sé innan ríkisstjórnarinnar til að styrkja rekstrargrundvöll einkarekinna fjölmiðla með því að koma böndum á óheftan peningastraum úr landi í gegn um auglýsingakaup á erlendum samfélagsmiðlum, herða starfsmenn ríkismiðilsins hlaupin á Facebook og Twitter og TikTok og hvað það nú heitir allt saman. Kynningardeild ríkisútlagsins er eflað og stórsókn sýnist í gangi gegn þessum sömu einkareknu fjölmiðlum sem eru eitthvað að þvælast þar upp á dekk í sínum leiðindablankheitum gegn sex milljarða króna forskoti RÚV. ■

## Velkomin Venesúelar



Runólfur  
Ágústsson  
framkvæmdastjóri

Svo virðist sem að Kærufnd útflendingamála hafi fyrir „slysi“ opnað fyrir óheftan aðgang flóttafólks frá Venesúela til landsins.

Míðað við fréttir eru ferðaskrifstofur þar í landi að selja fólk ferðir hingað svo það geti komist á bætur og opinbert framfæri.

Úrskurður nefndarinnar í máli einstaklings frá Venesúela í fyrra opnaði á fordæmisgildi fyrir aðra og í fyrra fengu 400 manns hæli hér á landi á þeim grundvelli.

Nú biða 500 aðrir afgreiðslu Útlendingastofnunar sem erfitt er að sjá að geti orðið á annan veg en að hleypa þeim inn í íslenskt samfélag.

Ísland er eina land Evrópu sem hefur opnað dyr sínar fyrir flóttafólki frá Venesúela með þessum hætti.

### En hvað?

Af þeim 400 sem fengu hæli hér í fyrra eru yfir 80% hættir að þiggja aðstoð og komnir í vinnu. Það fólk er farið að skapa okkur og sjálfu sér verðmæti og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi gengur vel.

Þetta er harðuglegt og vel menntað fólk sem er bæði nauðsynleg og ánægjuleg viðbót við okkar menningar- og efnahagslíf.

Okkur vantar fólk. Hér fáum við vinnandi hendur og starfandi huga sem hafa hlotið menntun og þjálfun í öðru samfélagi okkur að kostnaðarlausu.

### Eitt stærsta tækifæri okkar

Venesúela er samfélag undir oki einræðis og kúgunar vinstriinnáðra sósíalista.

Verum stolt af því að veita þeim, eitt Evrópuríkja, skjól. Tökum því á móti þessum 500 sem nú biða afgreiðslu og munu styrkja og efla okkar samfélag og efnahagslíf.


Í sérstöðu okkar gagnvart flóttafólki frá Venesúela felst eitt stærsta tækifæri okkar sem þjóðar. Við fáum með þeim nýja íbúa sem við þurfum á að halda. Öll gögn og allar upplýsingar benda til þess að framlag þeirra muni efla hér menningarlegan og efnahagslegan vöxt og verða íslensku samfélagi til mikils gagns. Velkomin, Venesúelar! ■

## FRÁBÆRT TILBOÐ

á [kver.is](http://kver.is) – kr. 2.999

Fyndin og frumleg bók fyrir lesendur á aldrinum 6-106.

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!





# Stytttri bið og árangursríkari sálfræðipjónustu í heilsugæslu



**Liv Anna Gunnell**  
fagstjóri sálfræðipjónustu hjá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Frá því uppbygging hófst í sálfræðipjónustu fullorðinna (18 ára og eldri) á heilsugæslustöðvum árið 2016 hefur verið unnið að þróun verklags sem tryggir örugga, faglega og árangursríka sálfræðipjónustu við algengum geðheilbrigðisvanda á Íslandi. Góða fyrirmynd má finna á Englandi þar sem búið er að þróa og rannsaka árangur slíkrar sálfræðipjónustu á heilsugæslustöðvum í fjölmörg ár. Sérhæfðir og reynslumiklir stjórnendur halda vel utan um þjónustuna og þar er víða unnið í teyllum þvert á heilsugæslustöðvar. Meðferðaraðilinn starfar í sérhæfðu sálfræðiteymi en viðtöl geta farið fram á heilsugæslustöðvum í nærumhverfi notenda. Það er ástæða fyrir því að þjónustan er skipulögð á þennan hátt.

Með því að skipuleggja þjónustuna í teyllum er hægt að tryggja gott og eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir meðferðaraðilann þar sem hann hefur stuðning af hinum meðferðaraðilunum í sínu teymi og getur sótt þangað fræðslu og handleiðslu sérfræðings. Slíkt fyrirkomulag gefur betri tækifæri til endurmenntunar og sérhæfingar. Það hefur síðan góð áhrif á gæði þjónustunnar og þannig árangur notenda vegna þess að með samstarfi er auðveldara að tryggja að í teyminu sé til staðar öll sú sérhæfing sem þarf til að geta búið upp á viðeigandi meðferðarúrræði við öllum þeim vanda sem þjónustunni er ætlað að sinna. Með verkaskiptingu er einnig hægt að bjóða upp á fleiri meðferðarúrræði eins og rafrænar meðferðir og hópmeðferðir. Slík þjónusta er líklegri til að fyrirbyggja starfsmannaveltu, vera hagkvæmari í framkvæmd og líkleg til að skila árangri.

Frá 2016 hefur verið unnið að því að samræma verklag og tryggja þannig jafnt aðgengi að árangursríkri sálfræðipjónustu í heilsugæslu á landsvísi en á Íslandi hefur uppbygging sálfræðipjónustu fullorðinna á heilsugæslustöðvum farið fram með ólíkum hætti. Á



**Skipuleggja þrepaskipta sálfræðipjónustu fullorðinna á heilsugæslustöðvum á þann hátt að sálfræðingar starfi í sérhæfðum teyllum þvert á heilsugæslustöðvar.**

landsbyggðinni hefur verið unnið í teyllum og sálfræðingar hafa stuðning af yfirsálfræðingi sinnar heilbrigðisstofnunar sem kemur að skipulagi þjónustunnar. Í Reykjavík hafa sálfræðingar verið staðsettir einir á stöð með ábyrgð á öllum biðlista þeirrar stöðvar með fá tækifæri til sérhæfingar og starfsþróunar. Frá

2016-2022 höfðu þeir stuðning af fagstjóra en sú staða var lögð niður vorið 2022.

Sálfræðingar hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafa frá upphafi lýst áhuga á auknu samstarfi á milli heilsugæslustöðva. Við upphaf árs 2022 hófst tilraunaverkefni þar sem sálfræðipjónusta fimm heilsugæslustöðva í vesturhluta Reykjavíkur var sameinuð í teymi með sameiginlegum biðlista og fylgst var með árangri þjónustunnar. Unnið var eftir fyrirmynd áður nefndrar sálfræðipjónustu í heilsugæslu á Englandi um þrepaskipta og gagnreynda þjónustu. Í teyminu var starfandi sérfræðingur í klínískri sálfræði. Teymið var lagt niður við upphaf árs 2023.

Á þessu tímabili jókst framleiðni í þjónustunni, biðlistar stýttust eftir allri þjónustu í teyminu og meðferðarúrræðum var fjölgað. Án teymisins hefði þjónustan legið niðri um margra mánaða skeið á sumum

heilsugæslustöðvum vegna skorts á setnum stöðugildum en með þessu móti var hægt að tryggja að aldrei kom rof í þjónustuna á svæðinu þrátt fyrir að vantaði stundum meðferðaraðila. Bæði núverandi og fyrrverandi starfsmenn teymisins lýstu áhuga fyrir því að starfa áfram í teymi með þessu fyrirkomulagi. Einnig stóð svæðið vel hvað varðar biðlista í samanburði við aðrar samþærilegar heilsugæslustöðvar við lok árs 2022. Haldið var utan um tölfræði í teyminu og fyrsta ársskýrsla sálfræðipjónustu í heilsugæslu birt.

Niðurstöður þessa tilraunaverkefnis gefa til kynna að það er bæði hagkvæmt og árangursríkt að skipuleggja þrepaskipta sálfræðipjónustu fullorðinna á heilsugæslustöðvum á þann hátt að sálfræðingar starfi í sérhæfðum teyllum þvert á heilsugæslustöðvar, með sameiginlegan biðlista, hafi greitt aðgengi að handleiðslu og vinni eftir samræmdu verklagi. ■



## EES-réttur – áfram EES



**Lucie Samcová-Hall Allen**  
sendiherra ESB á Íslandi

Við hjá Sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi erum stolt af því að hafa stutt við bakið á teymi laganema Háskólans í Reykjavík í Málflutningskeppni EES (en. EEA Law Moot Court) sem átti sér stað í Bergen um helgina. Málflutningskeppnin er árlegur viðburður þar sem nemendur frá EES EFTA-ríkjum og aðildarríkjum ESB gefst tækifæri

til þess að koma fram sem talsmenn ólíkra aðila í skálduðu EES-réttarmáli. Markmið keppninnar er að endurskapa, eins náði og hægt er, umræðu og röksemdafærslu raunverulegs málflutnings fyrir EFTA-dómstólum.

Teymið frá Háskólanum í Reykjavík samanstóð af fjórum efnilegum laganemum; íslenskum nemanda og þremur nemendum frá aðildarríkjum ESB í skiptinámi við Háskólann í Reykjavík. Þess má geta að þetta er í fyrsta skiptið sem háskólar utan EES EFTA-ríkjanna geta einnig tekið þátt í keppninni. Sendinefndin ákvað að styrkja ferð þessa teymis til Noregs þar sem við teljum viðburði sem þessa geta skipt

sköpum fyrir framtíðarsamstarf milli ESB og EES EFTA-ríkjanna, en með þátttöku í þessari keppni mun hópur ungra lögfræðinga, á Íslandi sem og á meginlandinu, fara út á vinnumarkaðinn með ríkari skilning á EES-samstarfinu og EES-rétti.

Við erum stolt af teymi Háskólans í Reykjavík með flotta frammistöðu þess í keppninni í ár. Þrjátíu og átta laganemendur tóku þátt í keppninni ár og við vonum að fjöldi keppenda eigi bara eftir að aukast með árunum. Áfram EES!

Á meðfylgjandi mynd eru frá vinstri: Noan Renault, Léopold Buscemi, Anastasia Bardiau, Lucie Samcová-Hall Allen sendiherra og Árni Snær Fjalarsson. ■

## HÁGÆÐA VÖRUÚRVAL

Saman finnum við réttu lausnina handa þér



**JARN&GLER**

[www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

Skútuvegur 1h 104 Reykjavík ☎ 585 8900 ✉ jarngler@jarngler.is



# Tvítýngdu börnin okkar



**Þorvaldur Örn Arnason**  
líffræðingur og kennari á eftirlaunum

Gríðarleg breyting er að eiga sér stað – líklega sú stærsta í okkar málsögu! Breytingin er sú að nú eru flest ung börn á Íslandi tvítýngd! Nú virðist sem kornung börn íslenskra foreldra séu nokkuð jafnvíg á íslensku og ensku. Það á við um talað mál og jafnvel lestur. Íslenskuna læra þau á heimilum og í skólum, en enskuna í snjalltækjum, en einnig í skólum. Þetta þyrfi að rannsaka gaumgæfilega. Ég byggi þessar staðhæfingar mínar á reynslu í mínu nærumhverfi en hef engar rannsóknir séð þar að lútandi. Þessar breytingar gerast svo hratt að kannski hefur vísindafólkið ekki áttað sig á rannsóknarþörfinni.

Ég fylgist með börnum íslenskra foreldra – börnum sem hafa alla ævina búid hér á landi, ávallt töluð íslenska á heimili þeirra og lesið fyrir þau á íslensku. Samt eiga þau það til að tala hvert við annað á góðri ensku. Það virðist fara nokkuð eftir umræðuefni hvort málið þau nota. Þau hafa gott vald á íslensku og mér heyrir það líka eiga við um enskuna. Þau hanga ekki lengur í sínum og tölvum en almennt gerist.

Ég öfunda þessi börn. Sveitstrákurinn ég heyrði nánast aldrei ensku fyrr en í héraðsskóla um 13 ára aldur og hef aldrei lært almennilega ensku þó ég hafi neyðst til að lesa námsbækur á því máli og tala af og til við útlendinga.

Hér á landi heyrði tvítýngi lengi vel til undantekninga og átti við um börn þar sem annað foreldrið



var erlent, eða börn sem búid höfðu lengi erlendis. Ef foreldrarnir voru sjálfum sér samkvæmir og töluðu gott mál við börnin gátu þau náð góðum tókum á tveimur málum samtímis. Eferlenda foreldrið talaði við barn sitt á bjagaðri íslensku átti það barn í erfiðleikum með íslenskuna í skólanum. Framan af löggöust menntayfirvöld gegn því að erlendir foreldrar hér á landi töluðu móðurmál sitt við börn sín, en sem betur fer er það liðin tíð.

Að hafa vald á fleiri en einu tungumáli strax á fyrstu árum ævinnar er dýrmætur viskubrunnur. Börn eiga miklu hægara með

ad tileinkna sér tungumál en fullorðnir. Rannsóknir benda til þess að við bestu aðstæður geti tvítýngi stuðlað að ríkari málþroska, fjölbreyttari greind, aukinni víðsýni og sköpunargáfu. Þar sem tvítýngd börn þurfa að deila tíma sínum og athygli á milli tveggja eða fleiri tungumála er hættan sú að þau kunni færri orð í hverju tungumáli fyrir sig en eintýngd börn kunna í sínu eina móðurmáli. Svo eru börn fljót að tapa niður tungumáli sem þau hafa ekki lengur þörf fyrir að nota. Fróðleik um þetta má finna á „Lesvefurinn“.

Til eru tvítýngdar þjóðir, svo sem

Belgar og Finnar. Þar notar hver fjölskylda þó aðallega eitt mál og er mun betur að sér í því. Líklega er fremur fátítt að þarlent barn hafi jafn góð tók á tveimur eða fleiri málum.

Í ágætri grein um þetta í Morgunblaðinu 20. febrúar 2001 er því slegið föstu að tvítýngd börn á Íslandi séu afblönduðum uppruna, eða hafi búid lengur en 5 ár erlendis. Það á ekki lengur við um nærri alla, en annað í greininni er í fullu gildi.

Það er áriðandi að rannsaka þennan nýja veruleika íslenskrar æsku til að við getum nýtt kostina og forðast villurnar. Líklega gildir



Rannsóknir benda til þess að við bestu aðstæður geti tvítýngi stuðlað að ríkari málþroska, fjölbreyttari greind, aukinni víðsýni og sköpunargáfu.

hér að halda málunum vel aðgreindum, líkt og foreldrar tvítýngdra barna hafa löngum þurft að gera. Tölum góða íslensku við börnin og vonum að enskan í tækjunum sé samilega ríkt mál.

Tvítýngt barn hefur jafnan betri tók á öðru málinu. Að líkindum er það enn svo að fleiri börn á Íslandi hafi betri tók á íslensku en ensku, en það getur breyst á fáum árum – því við lifum á tímum örra breytinga. Börn innflytjenda þurfa mörg að hafa fleiri en tvö tungumál á takteinum.

Það er fagnaðarefni að börn skulu vera vel að sér í tveimur tungumálum og jafnvel fleirum. En það verður að gæta þess að börnin blandi ekki tungumálunum saman. Það eitt og sér að börn kunni tvö tungumál er gott, en enskuslettur og almennt léleg íslenska viðgengst meðal nýrra kynslóða, líkt og hjá okkar sem eldri eru. Það er á ábyrgð kennara og foreldra, að tala gott mál, lesa fyrir börnin og leiðrétta slæmt mál.

Að lokum mæli ég með Vísindavefnum, svari við spurningunni „Hvernig læra börn tungumálið?“.■

# Í þetta hús á að vera gott að koma



**Ólöf Kristín Sigurðardóttir**  
safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

„Hér á að ríkja það andrúmsloft sem dregur borgarbúa til sín. Menningarlegt umhverfi, sem fólki líður vel í, en þó engin lognmolla. Hér eiga menn að geta tekið afstöðu með eða á móti stefnum og straumum í listum og menningarmálum. Rökrætt og deilt, ýmist á fundum eða sín á milli yfir kaffibolla. Í þetta hús á að vera gott að koma.“

Þessi orð lét þáverandi borgarstjóri í Reykjavík, Birgir Ísleifur Gunnarsson, falla í sýningarhrá fyrstu sýningarinnar sem opnuð var í nýju myndlistarhúsi í Reykjavík 24. mars árið 1973. Á sýningunni voru verk Jóhannesar S. Kjarvals og fljótlega var húsið kennt við listamanninn og nefnt Kjarvalsstaðir.

Kjarvalsstaðir voru fyrsta húsið sem reist var hérlendis sérstaklega til að sýna myndlist og varðveita. Húsið er byggingarlistarlegt undur sem ástæða er til að gefa gaum. Ekki hefur alltaf ríkt friður um starfsemi eða hönnun hússins og hafa viðhorf manna mótast af tíðaranda hverju sinni. Lengi var til dæmis deilt um loftið í sýningarsölunum – hvort það stæði myndlistinni fyrir þrifum eða hvort hönnun þess væri einstök lausn í sýningarsal. Form loftsins er áberandi og það veitir dagsbirtu inn í sýningarsalina án



þess að listaverkin séu böðuð beinu dagsljósi. Nú, áratugum eftir að þessar deilur voru til lykta leiddar, hefur loftið áunnið sér stöðu sem byggingarlistarlegt snilldarverk og er eitt af einkennum hússins sem allt ber svip af glæsilegum stílbrögðum arkitektsins Hannesar Kr. Davíðssonar. Kjarvalsstaðir eru einstakur vitnisburður um norrænan móðernisma í byggingarlist, þar sem áhersla er lögð á ómeðhöndluð náttúru efni og sjónsteypa er einkennandi.

Margt hefur breyst á þeim 50 árum sem liðin eru frá opnun Kjar-

valsstaða. Nú eru Kjarvalsstaðir starfræktir undir merkjum Listasafns Reykjavíkur og hluti af öflugri heild listasafna Reykjavíkurborgar ásamt Ásmundarsafni og Hafnarhúsi. Hlutverk Listasafns Reykjavíkur er að safna, varðveita, rannsaka og miðla myndlist, og gera borgarbúum og gestum þeirra kleift að fylgjast með því sem er að gerast í myndlist. Nú telur safneignin meira en sautján þúsund listaverk af öllum gerðum, og er stór hluti safneignarinnar einstaklingssöfn listamannanna Kjarvals, Ásmundar Sveinssonar og Errós en einnig eru

í safneigninni rúmlega 4500 verk eftir íslenska listamenn frá ýmsum tímum, en einkum þó frá því eftir 1973 þegar Kjarvalsstaðir voru opnaðir. Í safneign Listasafns Reykjavíkur er einnig fjöldi verka eftir 189 erlenda listamenn með alþjóðlegan feril og tengsl við safnið eða við menningu og náttúru á Íslandi.

Listaverkin sem safnið varðveitir eru vissulega sá grunnur sem starfsemin stendur á, og er sýnilegastur í rannsóknnum, útgáfum og sýningum á verkum Kjarvals, Errós og Ásmundar. Með sína ólíku sýningarstaði hefur Listasafn Reykja-



Þau orð sem fylgdu starfinu úr hlaði fyrir hálfri öld eru þó enn í fullu gildi. Í safnhús Listasafns Reykjavíkur á að vera gott að koma. en þar á ekki að ríkja lognmolla.

víkur einnig mikilvægu hlutverki að gegna sem sýningarvettvangur starfandi listamanna, þar sem verk listamanna, markmið þeirra og hugmyndir ná til fjölda fólks. Þannig er safnið vettvangur þar sem fólk getur speglað sig og samtíð sína í hugmyndum listamanna.

Margt hefur breyst á 50 árum, jafnt á vettvangi safnsins, í starfs-umhverfi listamanna og í væntingum gesta til miðlunar, þjónustu og aðgengis. Þau orð sem fylgdu starfinu úr hlaði fyrir hálfri öld eru þó enn í fullu gildi. Í safnhús Listasafns Reykjavíkur á að vera gott að koma. en þar á ekki að ríkja lognmolla.

Í þeim anda er leiðarljós safnsins að vera lifandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að kynna fjölbreytileika myndlistar og upplifa margbreytilegt samhengi sköpunarverka listamanna.

Til hamingju með 50 ára afmæli Kjarvalsstaða! ■





Pasta með grillaðri paprikusósu er fullkomið í lok iskalds sólardags.

## Vorlegt pasta

jme@frettabladid.is

Í gluggaveðri langar okkur í eitthvað notalegt í kvöldmatinn en þó ferskt til að minna okkur á að dagarnir eru að lengjast. Uppskriftin er fyrir þrjá til fjóra.

### Grillað paprikupasta

500 g pasta  
Um 300 g af grillaðri papriku í krukku  
2–3 hvítlauksrif  
Olía eftir þörfum  
¼ tsk. chiliflögur  
2 dl rjómi  
Salt og pipar  
1 dl eða meira af rifnum parmesanosti  
Pastavatn eftir þörfum  
Basilíka til að strá yfir  
Sítróna til að kreista yfir

Sjóðið pasta „al dente“. Setjið papriku í blandara ásamt hvítlauk. Blandið uns sósan er mjúk. Hægt er að setja smá vökva úr krukunni ef paprikan vill ekki blandast. Hitið olíu á pönnu og ristið chiliflögur við meðalhita, stutt. Hellið sósunni út á og látið krauma uns hún þykknar.

Bætið pastanu út í og hrærið uns pastað er fullsoðið. Slökkvið undir og hellið rjóma og parmesanosti út á. Saltað og piprað eftir þörfum. Þynnið út með heitu pastavatni ef þarf. Gott er að kreista sítrónu út á í lokin og bera fram með saxaðri basilíku. ■

Alla daga  
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup  
www.celsus.is



Philip Grétarsson er verslunarstjóri hjá Innréttingum og tækjum þar sem svört klósett og gylltir handklæðaofnar njóta mikilla vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vistvænni salernisferðir í bígerð

Innréttingar og tæki er rómuð sérvöruverslun með allt fyrir baðherbergið. Úrvalið er einstakt, þar á meðal handklæðaofnar í 300 litum, fagurlituð hreinlætistöki, hæstmóðins innréttingar, blöndunartæki með tökkum og skolunartæki fyrir vistvænni klósettferðir. **2**



„Þegar sólin hækkar á lofti fer fólk gjarnan í framkvæmdagir. Mörg hafa þegar sett sig í start-holurnar og eru farin að sanka að sér tækjum og hlutum til framkvæmdanna, til að hafa allt tiltækt á staðnum og ekki þurfi að bíða eftir sérpöntunum þegar iðnaðarmennirnir koma eða fólk ræðst sjálft í framkvæmdir á baðherberginu. Kannski er það lærdómur frá Covid-tímanum, þegar vorur skiluðu sér seint til landsins, og kenndi okkur að sýna meiri forsjálni og fyrirhyggju í aðdraganda framkvæmda,“ segir Philip Grétarsson, verslunarstjóri hjá Innréttingum og tækjum.

„Við erum sérvörverslun og einbeitem okkur að því að hafa annað og öðruvísi vöruval en fæst í hefðbundnum byggingarvörverslunum. Fólk kemur í Innréttingar og tæki til að fá eitthvað annað og hefur iðulega orð á því, eins og kúnni um daginn sem kallaði nýjasta glerið í sturtuveggi hjá okkur „gróðurhúsagler“. Það er slétt að innan en eins og báru að utan, kallast „Waves“ og er glært en sem sést ekki í gegnum,“ upplýsir Philip.

### Persónulegt yfirbragð tiskunnar

Fyrirtækið hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi. „Það voru amma mín og afi sem stofnuðu heildsöluna Jensen og Bjarnason árið 1945, en þegar for-eldrar mínir tóku við fyrirtækinu árið 1993 opnuðu þau verslun samhliða heildsölu og nefndu hana Innréttingar og tæki. Við hjónin svo tókum við rekstrinum af þeim og rekum verslunina í dag með syni okkar sem er okkar hægri hönd. Allt sem við kemur hönnun og fagurfræði innanhúss er sameiginlegt áhugamál fjölskyldunnar og lærði dóttir okkar innanhússhönnun. Ég held reyndar að allir hafi gaman af fallegum hlutum og baðherbergi er hægt að gera svo ótrúlega falleg. Svo ég vitni í Sindra Sindrason sjónvarpsmann í Heimsókn, þá á að vera svolitill spa-bragur og hótelfilingur á baðherbergjum heimila, en samt með hlýlegu sniði þar sem heimilisfólkinu líður vel,“ segir eigandinn Íris Jensen, innan um glæstar innréttingar og tæki fyrir baðherbergi.

„Í haust munum við að fagna 30 ára afmæli búaðarinnar og gaman að sjá hvernig tiskan hefur farið í hring á þessum þrjátíu árum. Nú eru aftur komnar í tisku glæsilegar innréttingar í dökkbláum og grænum litum með öldugleri framan á skúffum og með gylltum eða brons höldum, eins og var hæstmóðins á árunum í kringum 1993. Við sjáum líka flotta litatóna eins og ljósgrábrúna í innréttingum þar sem hægt er að fá handlaugar í sama lit og með gylltum blöndunartækjum í stíl. Það eina sem var ekki áberandi í denn en er afar vinsælt nú eru svört og dökkbrún klósett. Bleik og ljósblá klósett eru líka mikið „inn“, en þau svört eru langvinsælust,“ upplýsir Íris.

Hún segir allt í tisku þegar kemur að útliti baðherbergja.

„Yfirbragðið er persónulegt og má vera eftir smekk hvers og eins. Það er helst að hvíttuð eik sé hverfandi. Nú er meira um dökka hnotu og rauðari eik í baðinnréttingum og ekki líður á löngu þar til kirsu-berjaviðurinn kemur inn á ný, en Danir eru þegar byrjaðir að hanna eldhúsinréttingar úr kirsu-berja-vidi.“


### Ofnar úr glansandi gulli

Ýmsar spennandi nýjungar er að finna hjá Innréttingum og tækjum nú.

„Þar má nefna Switch-blönd-



Philip innan um glæsilegt úrval vandaðra innréttinga og tækja við allra hæfi.



Svart er heitasta heitt og nú fást sturtuklefar í stíl.



Fagurbleik handlaug og gylltur krani.

unartækin frá fremstu hönnuðum Ítalíu á þessu sviði, Fima Carlo Frattini. Ítalirnir segja að unga kynslóðin vilji hafa allt einfalt og tafarlaust, og með Switch-blöndunartækjunum er einfaldlega ýtt á takka til að komast í steypibaðið, eftir að hafa forstillt hitastigið og vatnsbununa með einföldum hætti á öðrum takka. Þarna er litagledin líka í fyrirrúmi og hægt að velja blöndunartækin í átta litum fyrir handlaugar og sturtu. Þetta er óhemju flott, handhægt og þægilegt tækni fyrir unga sem aldna,“ greinir Philip frá.

Þar ræður litadýrð ríkjum í svo mörgu og allt svo fallegt.

„Við erum með gríðarflott úrval af handklæðaofnum sem fást í mismunandi formum og yfir 300 litum. Það getur verið hausverkur að velja úr 300 litum en flest hafa gert sér í hugarlund hvernig baðherbergið á að líta út og eiga það sameiginlegt að vera orðin leið á þessum venjulegu handklæðaofnum sem hafa verið eins í áratugi. Þannig vilja sum appelsínugula eða skærgræna handklæðaofna á meðan önnur velja mjúka brúna eða heita hörliti. Mörg falla fyrir möttum litum og til dæmis er mjög flott að vera með handklæðaofni í möttu gulli og með blöndunartæki í stíl. Þá er hægt að fá hjá okkur Dubai-glansgyllta ofna sem eru eins og skínandi gull og mörg eiga ljúfar minningar um síðan hjá ömmu og afa á tíunda áratugnum,“ segir Philip.

### Með allt fyrir baðherbergið

Hreinlætistæki í litum gefa baðherbergjum ferskan blæ og auðvelt er að bæta við hlutum í sama lit til að ná fram fallegu heildarútliti.



Baðinnréttingar í litum halda velli og viðurinn dökkar. Hægt er að fá vaska og blöndunartæki í sömu litum..



Ítölsk blöndunartæki með tökkum er það nýjasta nýtt og einfalt í notkun.

„Sturtubotnar í litum njóta mikilla vinsælda og þótt önnur hreinlætistæki í herberginu séu ekki í sama lit og sturtubotninn er hægt að finna sama lit í höldum, handklæðaofnum og blöndunartækjum. Nú hafa bæst við flottir og handhægir sturtuklefar frá Vans sem smellast saman í stað þess að notaðar séu skrúfur eða silíkon til verksins. Þeir eru fánlegir í boga eða kantaðir og er liðunum einfaldlega læst saman. Þá er einfalt að taka hann í sundur og hafa meðferðis í til dæmis bústaðinn. Klefarnir frá Vans eru auk þess mikið augnayndi og fást nú stállegir með svörtum ramma en

líka í krómi og hvítu. Þeir svörtu njóta nú mikilla vinsælda og við köllum hann „kvennaklefan“ því konur eru fljótar að spotta út hvað er flott. Þær höfðu áður lítinn áhuga á sturtuklefum en nú fá karlarnir engu að ráða lengur,“ segir Philip og hlær.

Í Innréttingum og tækjum fæst allt fyrir baðið, allt frá baðsloppum og sápum, yfir í ljós, spegla, hreinlætistæki og innréttingar.

„Við reynum að bjóða upp á allt sem þarf fyrir baðherbergið og erum einnig með frábæra kubbaskápa undir þvottavélum með stórru skúffu og balapalli sem er hægt að draga út til að brjóta

saman þvott og setja í balann. Neðri skúffan er hengt undir óhreina tauði eða þvottaefni,“ segir Íris sem lifir og hrærist í þessum skemmtilega bransa.

„Mig klæjar oft í puttana að prófa það nýjasta og væri svo til í að prófa nýju Switch-blöndunartækin en einnig vistvænu blöndunartækin sem koma til okkar um næstu mánaðamót og fást líka í átta litum. Þetta eru blöndunartæki sem eru sett við hliðina á salerninu og hugsuð til skolunar eftir klósettferðir. Þá er salernispappírnum sleppt. Þetta er framtíðin og nú þegar veruleikinn í milljónaborgum eins og Los Angeles þar sem er bannað að setja klósettappír í klósettið. Skolun er umhverfisvænni og hreinlátari kostur, auk þess sem úrgangurinn er náttúrulegur og vistvænn.“

Hjá Innréttingum og tækjum fæst líka fallegur mosi sem er vinsæll til skreytinga og betri hljóðvistar á vegg og í loft fyrirtækja, veitingahúsa og heimila.

„Margir setja líka mosa í fallegan ramma inn í baðherbergi sín. Það hefur róandi áhrif, og færir náttúruna inn.“ ■

Innréttingar og tæki eru í Ármúla 1. Sími 588 7332. Netfang i-t@i-t.is. Skoðið úrvalið á i-t.is.



Mundu eftir þér á hverjum degi!

# Brosandi með burnirót

Náttúruleg & kröftug  
blanda fyrir aukna orku  
& hamingju

Íslensk burnirót  
með einstaka virkni



**ICEHERBS**  
NATURAL SUPPLEMENTS







Stúdíóið er einstaklega fallegt og ákveðin kyrrð ríkir þar. „Ég vildi hafa það dökkt og hlýtt og með góðri hljóðvist. Ég notað það bæði í að taka upp og svo æfa mig á fiðluna og þess vegna skiptir máli að líða vel þarna inni.“



Allar innréttingar og heimilistæki í eldhúsinu eru frá Voke. „Þau hjálpuðu með efnisval og teikningar. Við verjum mestum tíma í eldhúsinu og þess vegna skipti máli að eldhúsið sé opið og þar sé gott vinnupláss.“

## Mínimalískur stíll Gretu Salóme

Greta Salóme tónlistarkona blómstrar þessa dagana í móðurhlutverkinu og nýtur þess að geta verið heima með syninum og gert það sem hún hefur ástríðu fyrir. Í þættinum Mat og heimili voru Greta Salóme og sonur hennar Bjartur Elí Elvarsson heimsótt á einstaklega fallegt og rómantískt heimili þeirra.

sjofn@frettabladid.is

Greta Salóme býr með Elvari Þór Karlssyni viðskiptafræðingi sem vinnur hjá Íslandsbanka en þau eiga soninn Bjartur Elí, fjögurra mánaða. Greta og Elvar fjárfestu í núverandi heimili fyrir líðlega tveimur árum sem þá var fokhelt og hönnuð það sjálf frá grunni eftir sínu höfði.

„Við byrjuðum saman 2011 og keyptum okkar fyrstu íbúð sama ár og höfum alltaf haft mikinn áhuga á að búa okkur fallegt heimili sem væri gríðastaður bæði fyrir okkur og alla sem koma inn á okkar heimili. Við keyptum síðan fokhelt einbýlishús í mars 2021 og hönnuðum það sjálf og fluttum inn í nóvember sama ár,“ segir Greta Salóme.

### Hjartað slær í eldhúsinu

Greta Salóme segir að ekkert annað hafi komið til greina en að vera í Mosfellsbæ. „Við erum miklir Mosfellingar og ég er fædd og uppalin þar. Öll okkar fjölskylda býr þar og því kom ekkert annað til greina en Mosó. Við vorum búin að leita lengi að einbýli en svo þegar við komum inn í þetta hús þá vissum við að þetta yrði framtíðarheimilið okkar, þótt það hefði verið bara timbur og steypa þá.“

Húsið var fokhelt þegar þau keyptu það og stórverkefni fram undan. „Við ætluðum að fá innanhúshönnuð í að hanna þetta með

okkur en svo komumst við að niðurstöðu um að gera þetta sjálf. Við höfum bæði brennandi áhuga á hönnun og höfðum mjög sterkar skoðanir á hvernig við vildum hafa þetta,“ segir Greta Salóme og bætir við að þau sjái ekki eftir því. Þegar hún er beðin að lýsa stílnum þeirra stendur ekki á svörum: „Myndi segja að hann sé mínimalískur en samt hlýr og örugglega skandinavískur en samt rómantískur. Það skiptir mig öllu máli að allir finni sig velkomna á mínu heimili. Hjarta heimilisins slær algjörlega í eldhúsinu og stofunni. Húsið skiptist í þrjá hluta, svefnherbergisálm, bílskúr og svo alrými með eldhúsi og stofu og þar slær hjartað. Þar kveikjum við upp í arninum, eldum mat fyrir okkur og okkar og þar söfnum við minningum með fólkinu okkar,“ segir Greta Salóme og brosir.

### Jarðlitir og gylltir tónar

Í húsinu er mikið af mjúkum jarðlitum og gylltum tönnum í bland við dökkar innréttingar og ljósan stein. Húsið stendur efst í Helgafellslandinu í Mosó og er umkringt fjöllum og mikilli náttúru. „Við vildum endurspeglja hana í litavali. Við ákváðum strax að velja gæði í öllu sem á að standa lengi þótt það væri dýrara þar sem við höfum brennt okkur á því áður að fara styttri leið í þannig hlutum og það hefur alltaf komið í bakið á okkur.“

Arinninn er mikil þróði í alrýminu og mikið notaður. „Ég er alin upp við það heima hjá mömmu og pabba að kveikt var upp í arninum oft í viku á öllum árstímum og þar eru minar bestu minningar. Það var ekki arinn í teikningunni af húsinu þannig að við teiknuðum hann inn og hönnuðum stofuna



Greta Salóme nýtur sín þessa dagana í móðurhlutverkinu með soninn Bjartur Elí Elvarsson, sem alla jafna er kallaður Tralli, á fallegu heimili fjölskyldunnar í Mosfellsbæ þar sem útsýnið er stórfenglegt. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**



Eyjan er frá Voke. Steinninn heitir Ambiente light og Greta elskar hann. „Ég er mjög hrifin af marmara og náttúrusteini en ég get ekki ímyndað mér að hafa stein sem drekkur í sig vökva og fitu í eldhúsinu.“



Greta Salóme og Elvar vildu gera barnherbergið ljósara en hin herbergin og skapa ró þar inni bæði fyrir þau og strákin þeirra sem er reyndar ekki farinn að sofa þar sjálfur.



Svefnherbergið er einstaklega rómantískt og dökkir litir eru í forgrunni. Herbergið er teppalagt, með mjúku og góðu teppi sem yljár og Greta segir það bestu ákvörðun sem þau hafi tekið að hafa teppalagt þar.



Arinninn er mikil þróði í alrýminu og teiknaður og hannaður af Gretu og Elvari í samstarfi við Funa.

út frá honum. Við fengum Funa til að gera það með okkur og ég er svo glöð yfir að við ákváðum að teikna hann inn frá byrjun. Við notum hann mjög mikið og ég elska þessa notalegu stemningu sem myndast þegar við kveikjum upp.“

Þegar baðherbergið var hannað var það fagurfræðin og notagildið sem réð för. „Ég elska svona spa-stemningu á baðherbergjum og ég kann betur við þau sem eru dökk heldur en ljós. Við völdum dökkar flísar á veggina með miklu lífi í og svo ljósari flísar á gólf. Við keyptum öll baðtæki og blöndunartæki frá Lusso Stone í Bretlandi. Baðkarið er í sérstöku uppáhaldi hjá mér og ég elska gyllta litinn á blöndunartækjunum við dökku flísarnar.“

### Völdu teppi á gólf

Svefnherbergið er sérstaklega rómantískt með dökku litum. „Við vildum skapa smá svona hótélherbergisstemningu í svefnherberginu og hugsa sérstaklega út í allt sem getur stuðlað að betri svefni og vellíðan. Við völdum að hafa herbergið dökkt og þannig að það tæki utan um mann. Við settum teppi á gólf sem er sennilega besta ákvörðun sem við tókum í öllu ferlinu. Svo erum við með þykk myrkvunartjöld og dökk lit á veggjum og lofti. Mér finnst ekki gaman að sofa og sef mjög laust en mér finnst svefninn hafa batnað til muna eftir að við fluttum inn.“

Heimilið er hannað með lífsstíl þeirra í huga og alla leið. „Við tókum strax ákvörðun um að hanna húsið eftir því hvernig við lifum og í samræmi við okkar lífsstíl. Bílskúrin eru 40 fermetrar og við vildum ekki nota hann undir bílageymslu heldur breyta honum í æfingaaðstöðu. Við æfum bæði mikið og þetta er búinn að vera mikill tímasparnaður og sérstaklega núna þegar við erum komin með lítið barn.“ ■



# Ung og borubrött en á villigötum



Ole Anton Bieltvedt  
samfélagsrýnir og  
alþjóðlegur kaup-  
sýslumaður

9. marz sl. skrifaði Diljá Mist Einarsdóttir, sem komst á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn í síðustu kosningum, grein í blaðið með fyrirsögninni „ESB og evran til bjargar“. 14. marz svaraði ég þessum skrifum með grein með fyrirsögninni „Það sem ESB- og evru-umræðan snýst um“. 22. marz skrifar Diljá svo aftur, nú með fyrirsögninni „Langt svar ungrar konu um evru og ESB“. Skemmtileg fyrirsögn, en margt í málflutningi ekki jafn skemmtilegt, hvað þá rétt.

## „Ungur“

Ég hef átt nokkur skoðanaskipti við Diljá, ekki bara hér, heldur líka í öðrum fjölmiðlum, og nefnt hana unga konu. „Ungur“ og „gamall“ eru auðvitað afstæð hugtök, en algeng merking er aldur í árum. Í þessum orðum felast líka aðrar merkingar, t.a.m. sú, að ungur maður sé lítt reyndur og þekking í samræmi við það, og, þá um leið, að þeir gömlu séu reynslumeiri og búi oft yfir meiri fróðleik og þekkingu.

Nú verður ekki séð, að Diljá Mist hafi dvalið mikið erlendis, hafi þaðan mikla eigin reynslu og þekkingu, og byggir hún því skoðanir sínar og málflutning mikið á þekkingu, eða þekkingarleysi, og skoðunum annarra. Trúlega hefur faðir hennar, sem fyrir mér er í hópi ihalddssamari manna hér, staðið vel að uppeldinu og uppfræðslunni; alið stúlkuna upp við skýra ihalddslínu.

Kemur þessi staða mála vel fram í síðustu grein þingkonunnar ungu, þar sem hún segir m.a. „Fastir vextir eru þar ófáanlegir til lengri tíma en 5 ára, að mér er tjáð“. „...að mér er tjáð“, er þýðingarmikil játning, sem vert er að hafa í huga við lestur skrifa Diljár.

M.ö.o. var þessari borubröttu ungu konu – en hún virðist skrifa greinar fyrir alla vega hálf t þinglið D, auk viðtala og annars framgangs – sagt, og hún trúði því greinilega, að ekki væri hægt að fá lán í ESB, með föstum vöxtum, nema til 5 ára. Ég vatt mér því til minna gömlu sambanda í Þýskalandi, en þar eru um 400 bankar í því að lána hús- og íbúðarkaupendum, og fékk þar eftirfarandi tilboð í lán, með föstum vöxtum (breytilegir vextir með einhverri vísitölu þekkjast þar ekki):

- 5 ár 3,65%
- 10 ár 3,33%
- 15 ár 3,53%
- 20 ár 3,76%
- 25 ár 3,81%
- 30 ár 3,97%

Þetta eru tilboð frá 22. marz 2023.

Það, sem Diljá Mist er tjáð og hún setur svo fram sem góðan og gildan sannleika, er þá, því miður – konan virðist fróm – heiber della.

## „Gamall“

Svo ég fjalli lauslega um þetta hugtak, þá lýsir það sér hjá mér, auk fjöldans allan af árum, í því, að ég bjó í miðju Evrópusambandinu, í Þýskalandi, 1989-2016, í 27 ár, og var þar í miðri atburðarásinni, hvað varðar framþróun ESB og upptöku Evru 1999/2002.

Við bætist, að 2018 fór ég, fyrir milligöngu sendiherra ESB á Íslandi, Michaels Mann, á fund helztu embættismanna sambandsins um aðildarmál og gjaldmiðlamál, í Brussel, og fór þar ofan í saumana á þessum málum með tilliti til Íslands.

2019, fór ég svo, fyrir sömu milligöngu, á fund leiðandi embættismanna um evruna, hjá ECB í Frankfurt, í sama skyni.

Nokkur munur er því á bakgrunni okkar Diljár Mistar í Evrópu- og evrumálum; skilur þar nokkuð milli „ungs“ og „gamals“.



## ESB/evru-umræðan

Hvernig standa Íslendingar með krónu og utan ESB í samanburði við það, hvernig við stæðum með evru og í ESB, hlýtur að vera kjarna-spurningin.

Það, hvernig gengur í öðrum löndum – en sá gangur er misjafn og fjölbreytilegur, eftir landfræðilegri legu, sögu, menningu, auðlindum, fólksfjölda, veðráttu og öðrum skilyrðum – í samanburði við það, hvernig gengur hér, er því lítilsvirði, tímásoun.

Þó bendir flest til, að öllum 27 löndum ESB gangi betur í ESB og flestum þeirra með evru, en ella hefði verið, annars væru þau þar vart. Mörg lönd, sem hafa ekki evru, sækjast eftir henni af öllum mætti.

## Umfang ESB-aðildar okkar

Sú vel upplýsta upplýsir, að á tímabilinu 1994-2016 hefðum við Íslendingar aðeins tekið upp 13% af regluverki ESB, og vill túlka það þannig, að okkar aðild sé ekki meiri.

Þarna keyrir þingkonan glaðbeitta beint út í skurð, og það ekki í fyrsta skipti, því vægi reglugerðanna er auðvitað feikilega ólíkt, sumar, þær sem við höfum einkum tekið upp, hafa mikið og afgerandi vægi, en margar aðrar varða okkur ekki eða eru smávægilegar.

Norðmenn eru með svipaðan EES-samning og við. Á 20 ára afmæli þeirra EES-samnings skipaði ríkistjórnin þar 12 manna nefnd, þ. á m. 7 prófessora, til að meta aðildarstöðuna.

Aðildarstaðan, miðað við vægi þeirra reglugerða, sem Noregur hafði tekið upp, var talið 75%.

Þegar að ég tala um, að við séum nú þegar 80-90% í ESB, miða ég við þessa sömu tölu og Norðmenn, 75%, plús áhrifin af Schengen-samkomulaginu.

## Neitunarvald aðildarríkja

Diljá Mist hefur eftirfarandi fásinnu eftir einhverjum miður vel upplýstum ráðgjafa, eða kannske hefur hún lesið hana í Mogganum: „Einróma samþykki (þar sem neitunarvald gildir ekki) við ákvörðunartöku í ráðherraráði ESB, valdamestu stofnun sambandsins, heyrir enda nánast sögunni til“.

Við skulum nú sjá, um hvaða málaflökka neitunarvaldið gildir:

- Skattlagning
- Fjárhagsáætlanir og fjármála-skuldbindingar
- Félagsleg vernd og öryggi almennings
- Samningar og ákvarðanir um upptöku nýrra aðildarríkja
- Öryggis- og varnarmál

Þessu neitunarvaldi er heldur ekki hægt að breyta, hvað þá að draga úr því eða fella það niður, nema að öll aðildarríkin samþykki.

## Málarar

Við erum löggiltir málarar. Tökum að okkur öll verkefni, stór og smá. Gerum tilboð eða tímavinnu og erum mjög sanngjarnir. Endilega hafa samband í síma 782 4540 eða í [loggildurmalari@gmail.com](mailto:loggildurmalari@gmail.com)

## SPÁMIÐILL

ER BYRJUD AFTUR

- SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
- MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI  
S. 660 8301

## HSH Þrif og flutningar



Tökum að okkur regluleg þrif fyrir sumarhús, hótél, gistiheimili og fyrirtæki. Almennar ræstingar, auka þrif og ýmis önnur þjónusta.

Erum staðsett á Suðurlandi. Gerum tilboð sem hentar þínum þörfum.

Hægt er að nálgast frekari upplýsinga í síma 792-1727 eða í tölvupóst á [hshflutningar@gmail.com](mailto:hshflutningar@gmail.com)

HSH þrif og flutningar ehf. er fyrirtæki með persónulega þjónustu sem er með 10 ára reynslu í þrifum og flutningum.

## Nudd Nudd Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma  
8548080/5168080  
[retta.is](http://retta.is)  
[olafur@retta.is](mailto:olafur@retta.is)



Reita ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



# Aron Einar á spjöld sögunnar með þrennu

Aron Einar Gunnarsson komst í hóp merkra manna með þrennu sinni gegn Liechtenstein í undankeppni Evrópumótsins á sunnudag. Aron er ellefti leikmaðurinn til að skora þrennu fyrir íslenska landsliðið og aðeins annar í sögunni til að gera það í keppnisleik.

hordur@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Aron Einar hafði spilað 100 landsleiki fyrir leikinn gegn Liechtenstein á sunnudag, fyrir þann leik hafði hann skorað tvö mörk í 100 leikjum. Leikurinn í Vaduz í Liechtenstein var því 101. landsleikur fyrirliðans. Aron skoraði tvö mörk með skalla í leiknum og fullkomnaði svo þrennu sína með marki af vítapunktinum.

Ísland vann sinn stærsta sigur á sunnudag þar sem Aron skoraði þrennu sína, Ísland vann 7-0 sigur sem er stærsti sigur í keppnisleik. Stærsti sigur fyrir leikinn á sunnudag var 4-0 en það var einnig gegn Liechtenstein.



Auk þess að skora þrennu í leiknum átti Aron Einar eina stoðsendingu og lykilsendingu í fyrsta marki Íslands.

Aron Einar, sem fagnar 34 ára afmæli sínu í næstu viku, hóf að spila með íslenska landsliðinu í knattspyrnu árið 2007. Hann hefur því verið viðloðandi landsliðið í rúm sextán ár, hann hefur spilað eins og fyrr segir 101 landsleik sem gerir hann að fjórða leikjahæsta leikmanni í sögu landsliðsins. Aðeins Birkir Bjarnason, Rúnar Kristinsson og Birkir Már Sævarsson hafa spilað fleiri leiki.

Birkir Bjarnason er leikjahæsti leikmaður sögunnar með 108 landsleiki en hann var ekki í leikmannahópi Íslands að þessu sinni og óvíst er hvað gerist í framhaldinu.

## Annar í sögunni

Aron Einar er annar leikmaðurinn í sögu Íslands sem skorar þrennu í keppnisleik, aðeins Jóhann Berg



Aron Einar fagnar marki á sunnudag.


FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Guðmundsson hafði áður afrekað það að skora þrennu í keppnisleik fyrir Ísland. Þrenna Jóhanns er ein frægasta þrenna fótboldasögunnar en mörkin skoraði hann á útivelli gegn Sviss fyrir tíu árum síðan. Mörk Jóhanns voru afar glæsileg og hefur sú þrenna lifað með íslensku fótboldaáhugafólki í áratug.

Tveir leikmenn hafa afrekað það

að skora fjögur mörk í landsleik en það var Rikharður Jónsson sem reið á vaðið árið 1954 í æfingaleik gegn Svíþjóð, þar varð Rikharður sá fyrsti til þess að skora þrennu og bætti um betur með því að skora fernu. Arnór Guðjohnsen gerði slíkt hið sama árið 1991 og skoraði fernu í æfingaleik gegn Tyrklandi á Laugardalsvelli. ■

Leikmennirnir ellefu sem skorað hafa þrennu fyrir Ísland



**Aron Einar Gunnarsson**

■ **Gegn:** Liechtenstein  
■ **Árið:** 2023  
■ **Keppni:** Undankeppni EM 2024



**Albert Guðmundsson**

■ **Gegn:** Indónesía  
■ **Árið:** 2018  
■ **Keppni:** Æfingaleikur



**Jóhann Berg Guðmundsson**

■ **Gegn:** Sviss  
■ **Árið:** 2013  
■ **Keppni:** Undankeppni HM 2014



**Tryggvi Guðmundsson**

■ **Gegn:** Indlandi  
■ **Árið:** 2001  
■ **Keppni:** Æfingaleikur



**Helgi Sigurðsson**

■ **Gegn:** Möltu  
■ **Árið:** 2000  
■ **Keppni:** Æfingaleikur



**Bjarki Gunnlaugsson**

■ **Gegn:** Eistlandi  
■ **Árið:** 1996  
■ **Keppni:** Æfingaleikur



**Þorvaldur Örylgsson**

■ **Gegn:** Eistlandi  
■ **Árið:** 1994  
■ **Keppni:** Æfingaleikur



**Arnór Guðjohnsen (Ferna)**

■ **Gegn:** Tyrklandi  
■ **Árið:** 1991  
■ **Keppni:** Æfingaleikur



**Ragnar Margeirsson**

■ **Gegn:** Færeyjum  
■ **Árið:** 1985  
■ **Keppni:** Æfingaleikur



**Teitur Þórðarson**

■ **Gegn:** Færeyjum  
■ **Árið:** 1975  
■ **Keppni:** Æfingaleikur



**Rikharður Jónsson (Ferna)**

■ **Gegn:** Svíþjóð  
■ **Árið:** 1954  
■ **Keppni:** Æfingaleikur



Aron er aðeins annar leikmaður sögunnar til að skora þrennu í keppnisleik.

## UTAN VALLAR

# Leikmenn róa með Arnari sem er á síðasta séns



**Helgi Fannar Sigurðsson**  
helgifannar@frettabladid.is

Fyrsti landsleikjagluggi íslenska karlalandsliðsins í undankeppni Evrópumótsins 2024 er nú að baki. Það má segja að tilfinningararnar eftir þá tvo leiki sem spilaðir voru séu blendnar.

Þetta byrjaði allt á tapinu slæma í Bosnía og Hersegóvínu. Niðurstaðan og frammistaðan þar var eins slæm og hún hefði geta orðið. Strax var kallað eftir höfði Arnars Þórs Viðarssonar landsliðsþjálfara. Þeir sem höfðu ætlað að leyfa honum að byrja með hreint blað í nýrri undan-



keppni snerist strax hugur og sú litla jákvæðni sem hafði myndast hjá þjóðinni fyrir spennandi landsliði hvarf á brott.

Það vantaði ekki upp á stemninguna í íslenska hópnum fyrir leikinn gegn Bosnía. Eftir að hafa fylgst með þeim undirbúa sig fyrir leikinn var mér ljóst að það var hugur í mönnum, samheldni og þeir ætluðu sér að sanna sig. Frammistaðan kom því ansi mikið á óvart.

Arnar Þór þótti mér taka tapinu af fullmiklum létti. Hann talaði um að þetta væri ekki úrslitaleikur, nú væri það bara áfram gakk. Þetta var kannski enginn úrslitaleikur en þetta var þó stórt tap gegn liði sem

við ætlum okkur að berjast um annað sæti riðilsins við. Innbyrðis viðureignir skera úr um hver er ofar ef allt er jafnt og stórt tap var því sérstaklega slæmt.

Að því sögðu er þetta hugsanlega leið Arnars Þórs til að halda jákvæðni í leikmannahópnum. Leikmenn virðast róa í sömu átt og þjálfarinn og hann vill án efa halda því þannig.

Það var líka ljóst á dögnum sem liðu eftir tapið gegn Bosnía og fram að leiknum gegn Liechtenstein að menn voru engan veginn af baki dottirnir. Áfram var létt yfir hópnum, sem skildi við Bosniuleikinn með fundi á föstudagskvöld.

Svarið var fullkomið. 7-0 sigur gegn Liechtenstein. Sá stærsti í keppnisleik í sögu íslenska karlalandsliðsins. Það hefði enginn geta beðið um sterkari viðbrögð við oförnum í Zenica. Fyrir þetta eiga Arnar Þór og leikmenn hrós skilið.

Það þarf þó að slá þann varnagla við að andstæðingurinn var Liechtenstein, eitt versta landslið heims. Arnar Þór gerði sér líka grein fyrir því og passaði sig á að fara ekki upp til skýjanna í viðtölum eftir leik.

Frammistaða Arnars Einars Gunnarssonar gegn Liechtenstein, þar sem hann skoraði þrennu, var auðvitað mikið gleðiefni. Þó að leikirnir hafi verið gerólikir er ljóst að hans var sárt saknað gegn Bosnía, sem og Sværris Inga Ingasonar.

Það er nokkuð ljóst að Arnar Þór verður áfram landsliðsþjálfari, fram yfir verkefnið í sumar hið minnsta. Ég skynja að það sé það sem leikmenn vilji líka. Það verður áhugavert að sjá hann mæta með sitt sterkasta lið gegn Slóvakíu í næsta leik. Upplaggið þarf þó að vera örduvísi og betra en gegn Bosnía og Hersegóvínu. Arnar Þór þarf að koma vel undan landsleikjaglugga sumarsins ef ekki á illa að fara. ■



Að því sögðu er þetta hugsanlega leið Arnars Þórs til að halda jákvæðni í leikmannahópnum.



Múmín áskriftarleið með UNICEF



© Moomin Characters™



ÆVINTÝRI  
BANKA UPPÁ

unicef   
fyrir öll börn



## MERKISATBURÐIR

**1875** Öskjugos hefst. Það er talið eitt mesta öskugos á Íslandi eftir að land byggðist. Þegar gosið hafði staðið í hálfan annan sólarhring urðu menn varir við gosmökkinn í Sviþjóð. Gosið varð til þess að mikill fjöldi íbúa á Austfjörðum fluttist til Vesturheims á næstu árum.

**1909** Safnahúsið við Hverfisgötu (nú Þjóðmenningarhúsið) er vígt. Í upphafi hýsti húsið Forngripasafnið, Landsbókasafnið, Landsskjalasafnið og Náttúrugripasafnið.

**1963** Kvikmyndin *Fuglarnir* (e. *The Birds*) eftir Alfred Hitchcock er frumsýnd í Bandaríkjunum.

**2004** Fellibylurinn Katarína, fyrsti hitabeltisfellibylur sem skráður hefur verið í Suður-Atlantshafi, kemur á land í Brasilíu.

**2007** Frumvarp um Vatnajökulsþjóðgarð er samþykkt á Alþingi.

**2018** Leiðtogi Norður-Kóreu, Kim Jong-un fer í opinbera heimsókn til Kína til fundar við Xi Jinping. Þetta er í fyrsta sinn sem hann fer úr landi eftir að hann tók við embætti árið 2011.

**2019** Íslenska flugfélagið WOW verður gjaldþrota.



Óttar segir það hafa breytt heilmiklu að fá stækkun á geðsjúkrahúsinu Kleppi fyrir tæplega hundrað árum síðan. Gamli Kleppur, sem þá hafði verið starfandi í tæplega tuttugu ár, hafi í raun verið sprunginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Kleppur nauðsynlegt en gjörbreytt fyrirbæri

Nýtt geðsjúkrahús tók til starfa á Kleppi fyrir tæplega hundrað árum. Geðlæknir segir að stækkunin hafi breytt heilmiklu í geðheilbrigðisþjónustu hér á landi.

erlamaria@frettabladid.is

„Það breytti öllu að fá þessa stækkun á húsi, því gamli Kleppur sem var stofnaður 1907 var í sjálfu sér orðinn allt of lítill. Þarna fjölgaði rúmum ansi mikið og var löngu orðið tímabært þar sem þörfin var svo sannarlega fyrir hendi,“ segir Óttar Guðmundsson geðlæknir.

A þessum degi árið 1929 tók nýtt geðsjúkrahús á Kleppi til starfa.

Að sögn Óttars var meðhöndlunin á Kleppi litil sem engin til að byrja með. Í tæplega fimmtíu ár hafi spítalanum þjónað hlutverki eins konar „geymslustofnunar“.

„Fyrsti sjúklingurinn sem lagðist inn á Klepp árið 1907 var ekki útskrifaður þaðan fyrr en árið 1955. Hann er þarna í 48 ár á spítalanum og það urðu örlög mjög margra. Þeir dögðu upp á spítalanum og komust í sjálfu sér ekki neitt annað,“ segir Óttar.

„Meðhöndlunin var nefnilega afskaplega litil til að byrja með. Þetta var fyrst og fremst geymslustofnun fyrir langgeveikt fólk, þennan þunga hóp sem var

”

Fyrsti sjúklingurinn sem lagðist inn á Klepp árið 1907 var ekki útskrifaður þaðan fyrr en árið 1955. Hann er þarna í 48 ár á spítalanum og það urðu örlög mjög margra.

með til dæmis geðvarfasýki og ekki útskrifaðir. Þeir fylltu spítalanum og krónísku deildirnar urðu mjög stórar þar sem fólk í raun bjó á spítalanum,“ segir Óttar.

Hann segir að gríðarleg breyting hafi átt sér stað í geðheilbrigðismálum upp

úr 1956 þegar ný geðlyf voru tekin í notkun hér á landi.

„Það var allt í einu hægt að útskrifa fólk og meðhöndla fleiri á göngudeild og heima fyrir þegar lyfin koma til sögunnar. Aðalbreytingin var í raun sú að þessar löngu innlagnir á geðdeild lögðust af,“ segir Óttar og heldur áfram:

„Það er alveg ótrúlegur munur. Þjóðinni hefur fjölgað en plássunum hefur fækkað. Núna er meðal legutími á geðdeild fimmtán eða tuttugu dagar, en sá sem dvaldi hvað lengst var í 48 ár.“

Að sögn Óttars hefur hlutverk Klepps breyst mikið í árunna rás. Það sé eðlilegt og í takt við breytt landslag í geðheilbrigðismálum hér á landi.

„Kleppur er orðinn gjörbreytt fyrirbæri í dag. Hann er ekki lengur þessi bráðageðdeild eins og hann var, heldur réttargeðdeild, öryggisgeðdeild og endurhæfingageðdeild,“ segir Óttar.

„Sömuleiðis hafa geðheilbrigðismál breyst mikið. Nú er ekki lengur áherslan á þessa þungu geðsjúkdóma eins og var í byrjun. Það eru fleiri greiningar komnar, allar þessar persónuraskanir, áföll, þunglyndi og kvíðaraskanir,“ segir Óttar.

„En að því sögðu er gríðarlega nauðsynlegt að vera með stofnun á borð við Klepp og við munum alltaf hafa þörf fyrir slíkar stofnanir.“ ■

## ÞETTA GERÐIST

28. MARS 1978

## Ástsæll söngvari lést

Einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar, Vilhjálmur Vilhjálmsson, lést fyrir fjórutíu og fimm árum í umferðarslysi í Lúxemborg. Vilhjálmur var búsettur þar ytra ásamt fjölskyldu sinni og starfaði sem flugmaður á vegum Cargolux. Hann var aðeins 32 ára gamall.

Vilhjálmur ætlaði sér aldrei að verða dægurlagasöngvari. Hann fór í háskólanám í lögfræði og læknisfræði við Háskóla Íslands, en hóf síðar flugnám sem hann lauk í Lúxemborg árið 1970. Að námi loknu fékk Vilhjálmur starf hjá Arnarflugi sem flugmaður, og einnig sem flugkennari hjá Flugskóla Helga Jónssonar.

Fyrstu skrefin í söngheiminum steig Vilhjálmur í Menntaskólanum á Akur-



Vilhjálmur Vilhjálmsson.

eyri, en síðar söng hann með hljómsveitum Magnúsar Ingimarssonar, Ingimars Eydals og Ólafs Gauks. Á ferli sínum söng Vilhjálmur inn á fjórar plötur með Elly systur sinni, sendi frá sér sólplötur og söng þrjú lög inn á plötu með Mannakornum. Síðasta plata hans, Með sínu nefi, kom út árið 1976.

Það má með sanni segja að hugljúf tenórredd Vilhjálms hafi í árunna rás smogið inn að hjartarótum þjóðarinnar, en fjöldi laga hans halda minningu söngvarans vinsæla á lofti enn þann dag í dag. Lög á borð við Litill drengur, Söknuður, Þú átt mig ein og Bíddu pabbi eru fyrir löngu orðin órjúfanlegur hluti af tónlistarmeningu þjóðarinnar. ■



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Margrét Þóra Jónsdóttir**  
kaupkona,

lést þann 25. mars.

Útför hennar fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík föstudaginn 31. mars kl. 11.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Kristjáns Eldjárns.

**Ingólfur Árnason**  
**Jón Árnason**  
**Marta Árnadóttir**  
**Helga Árnadóttir**

**Guðrún Agnes Sveinsdóttir**  
**Sigurveig Stefánsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn



**Útfararstofa Íslands**

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

**Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892**

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455



**Útfararstofa Hafnarfjarðar**

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



**Útfararþjónusta**  
**í yfir 70 ár**

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Frjáls framlög



enginn kostnaður!

## VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

[www.facebook.com/samferdafoundation](http://www.facebook.com/samferdafoundation)



**SJÓNVARPSDAGSKRÁ**

**HRINGBRAUT**

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili
- 19.30 Fjallaskálar Íslands Heillandi heimildabáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum. (e)
- 20.00 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Matur og heimili

**RÚV SJÓNVARP**

- 13.00 Fréttir með tákn málstúlkun
- 13.25 Heimaleikfimi
- 13.35 Kastljós
- 14.00 Útsvar 2018
- 15.15 Enn ein stöðin
- 15.40 Meistarinn - Marianne Lindberg De Geer
- 16.05 Með okkar augum
- 16.35 Menningarvikan
- 17.00 Íslendingar
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Pósturinn Páll
- 18.16 Jasmin & Jómbi
- 18.23 Drónarar
- 18.45 Krakkafréttir með tákn málstúlkun
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Kveikur Óhugnanlegt sly varð í risastórum hoppukastala á Akureyri sumarið 2021. Kveikur varpar ljósi á hvað gerðist í raun, með hjálp sjónarvotta og barna sem voru í kastalanum.
- 20.45 Sagan frá öðru sjónarhorni
- 21.05 Síðasta konungsríkið Fimmta og síðasta þáttaröð þessara ævintýralegu spennuþátta sem gerast á Englandi á síðari hluta níundu aldar. Stríðsmaðurinn Uhtred er staðráðinn í að endurheimta ríki sitt en hann er ekki sá eini sem ágirnast það.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Hamingjudalur
- 23.15 Sæluríki Önnur þáttaröð þessara norsku leiknu þátta um samfélagið í Stafangri og breytingarnar sem urðu þegar olía fannst í sjónum úti fyrir bænum. (e)
- 00.00 Dagskrárlok

**SJÓNVARP SÍMANS**

- 12.00 Dr. Phil
- 12.58 The Late Late Show with James Corden
- 13.38 The Block
- 14.40 Love Island
- 15.48 Survivor
- 16.31 The Neighborhood
- 17.15 Family Guy
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show with James Corden
- 19.10 A.P. BIO Gamanþáttur um heimspekiþrófessor við Harvard-háskóla sem lendir í vandræðum og þarf að setta sig við að kenna menntaskólakrökkum líffræði. Hann ákveður að nota nemendurna til að ná fram hefndum gegn helsta andstæðingi sínum í Harvard.
- 19.40 American Auto
- 20.10 Heartland
- 21.00 FBI
- 21.50 The First Lady
- 22.45 The Chi
- 23.35 The Late Late Show with James Corden
- 00.20 NCIS
- 01.05 NCIS. New Orleans
- 01.50 New Amsterdam
- 02.35 Good Trouble

**STÖÐ 2**

- 08.00 Heimsókn
- 08.25 Best Room Wins
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Blindur bakstur
- 10.05 Punky Brewster
- 10.30 Fyrsta blikið
- 11.10 Home Economics
- 11.30 Backyard Envy
- 12.10 Necessary Roughness
- 12.55 Amazing Grace
- 13.35 Margra barna mæður
- 14.10 The Masked Dancer.
- 15.15 Rax Augnablik
- 15.25 Hið blómlega bú
- 15.55 Race Across the World
- 16.55 Girls5eva
- 17.20 Necessary Roughness
- 18.05 Bold and the Beautiful
- 18.20 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Jamie's One Pan Wonders
- 19.35 Hell's Kitchen
- 20.20 S.W.A.T.
- 21.05 Magnum P.I.
- 22.05 The Righteous Gemstones
- 22.35 Unforgettable
- 23.15 Family Law
- 00.00 The Resort
- 00.35 Agent Hamilton
- 01.20 Best Room Wins
- 02.00 Punky Brewster
- 02.25 Home Economics
- 02.45 Race Across the World

**Súkkulaði með Hönnu Eiríksdóttur**

Sjöfn heimsækir súkkulaðigerðina Omnom í Mat og heimilum á Hringbraut í kvöld, þar sem hún hittir Hönnu Eiríksdóttur markaðsstjóra og fær innsýn í framleiðsluna fyrir páskana og einnig fær hún að gera sína eigin pásakanina úr súkkulaði. Í þættinum heimsækir Sjöfn líka hjónin Ingimar Sigurðsson og Svetlönu Björgu sem eru miklir matgæðingar og vita ekkert skemmtilegra en að bjóða í matarboð. Þau framreiða tvo dýrindis saltfiskrétti sem eiga vel við um páskana. ■



**KROSSGÁTA**

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

**LÁRÉTT**

- 1 fold
- 5 hnuþl
- 6 ákefð
- 8 hafna
- 10 tónn
- 11 ágæt
- 12 strengur
- 13 álit
- 15 skip
- 17 snuða

**LÓDRÉTT**

- 1 rannsaka
- 2 rangla
- 3 þangað til
- 4 kvk. nafn
- 7 þúns
- 9 hindrar
- 12 frásögn
- 14 þrá
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 grunn, 5 rán, 6 as, 8 arfsala, 10 fa, 11 fin, 12 stig, 13 svar, 15 togarl, 17 narra. LÓDRÉTT: 1 grafast, 2 rafa, 3 uns, 4 dalia, 7 sangra, 9 ártar, 12 saga, 14 von, 16 rr.

**SUDOKU**

7		3		2		9	6	5
	1						2	
	5	6			3		8	
4			9	5	1			
					7	1	4	2
3							7	
			8			2		
5	7		3	4		6		8
	4		2			3		

	2			5				4
4			8			7		
		8		6	5			
		9		1	8		5	
	4	7			8			6
2								
			2			3		
1			6	7				
	3			8		9		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tví-taka neina tölu í röðinni.

**PONDUS**

**FRÓDE ØVERLI**



**MATUR OG HEIMILI MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR**

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

**ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00**







Undir  
YFIRBORDIÐ

MEÐ ÁSDÍSI OLSEN

# STÓR ÞÁTTUR Í LÍFI FÓLKS

ÞRIÐJUDAGA KL. 20.00 OG KL. 22.00

Framúrstefnulegur þáttur um heilsu og hamingju.

Ásdís Olsen ryður brautina fyrir allt það nýjasta og heitasta á jaðarsenunni.



HRINGBRAUT



# Með ástriðu fyrir píanóinu



Þorvaldur S.  
Helgason  
tsh  
@frettabladid.is

Tónskáldið og píanóleikarinn Sævar Helgi Jóhannsson heldur tónleikaröð í vikunni ásamt félögum sínum Eðvarði Egilssyni og Miro Kepinski í tilefni alþjóðlega píanódagsins.

Tónlistarmennirnir Sævar Helgi Jóhannsson, Eðvarð Egilsson og Miro Kepinski eiga það allir sameiginlegt að semja mikið fyrir leikhús, sjónvarp og kvikmyndir og hafa mikla ástriðu fyrir píanóinu. Þeir ætla að halda þrenna tónleika í vikunni í tilefni píanódagsins.

„Við spilum í Mengi á miðvikudaginn klukkan 8, svo erum við að spila daginn eftir á Selfossi líka klukkan 8 á Risinu sem er vinnbar í nýja miðbænum. Svo slúttum við þessu með tónleikum í Reykjanesbæ í Duus Safnahúsinu klukkan 2,“ segir Sævar.

## Samsvarar lykklafjölda píanósins

Píanódagurinn (e. piano day) er haldinn hátíðlegur á 88. degi ársins sem í venjulegi árferði er 29. mars en 28. mars á hlaupárum. Hugmyndin að deginum kemur frá þýska tónskáldinu og píanóleikaranum Nils Frahm og var fyrsti píanódagurinn haldinn árið 2015.

„Þetta er frekar nýr dagur og það er Nils Frahm tónskáld og píanisti sem er stofnandi píanódagsins og kom honum af stað. Þetta er dagur til þess að fagna píanóinu og öllu í kringum það; flytjendum, tónskáldum, hlustendum, píanóstillum og bara öllu til einkuðu píanóinu. Þetta er 88. dagur ársins sem samsvarar lykklafjölda píanósins,“ segir Sævar.

„Af hverju þarf heimurinn píanódag? Fyrir því eru margar ástæður en aðallega vegna þess að það sakar ekki að fagna píanóinu og öllu í kringum það, flytjendum, tónskáldum, píanósmiðum, píanóstillum, flutningsmönnum en fyrst og fremst; hlustendum,“ er haft eftir Nils Frahm um píanódaginn.

## Kynntust í tónsmíðabúðum

Sævar Helgi, Eðvarð og Miro, sem er pólskur, eiga það allir sameiginlegt að vera bæði tónskáld og píanóleikarar.

„Við Eðvarð erum búnir að þekkjast síðan við vorum í Listaháskólunum og erum búnir að vera góðir vinir í langan tíma. Við fórum báðir í tónsmíðabúðir í Póllandi á vegum STEFs í boði Music Export Poland, sem er svona pólska útgáfan af STEFi. Þar kynnumst við Miro og unnum með tónskáldum alls staðar að og tónlistarforleggjurum, fólki sem velur tónlist í kvikmyndir og þætti,“ segir Sævar.

Þeir félagarnir eiga það einn-



Sævar Helgi Jóhannsson sendi frá sér nýtt lag á föstudag í tilefni píanódagsins en hann vinnur nú að sinni fimmtu plötu sem er væntanleg í ár.

MYND/MAGNUS ANDERSEN

ig sameiginlegt að hafa allir samið tónlist fyrir kvikmyndir. Eðvarð samdi meðal annars tónlistina fyrir heimildarmyndina Smoke Sauna Sisterhood eftir Anna Hints sem vann leikstjórnarverðlaun á Sundance-kvikmyndahátíðinni í ár og tónlistina fyrir kvikmyndina Skjálfta ásamt Páli Ragnari Pálssyni en fyrir hana hlutu þeir tilnefningu til norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna HARPA. Miro Kepinski er þekktastur fyrir að semja tónlist pólsku Netflix-myndarinnar Furioza sem vakti athygli víða um heim.

„Ég er svona kannski nýgræðingurinn í hópnunum en er búinn að gera mikið tónlist fyrir leikhús, þannig við erum allir að vinna í ýmsum

verkefnum,“ segir Sævar en hann samdi nýlega tónlist fyrir heimildarmyndina Ég sé þig eftir Önnu Hildi Hildibrandsdóttur.

## Píanóið fallett hljóðfæri

Á tónleikunum í tilefni píanódagsins munu þeir Sævar, Eðvarð og Miro skiptast á að leika frumsamda tónlist.

„Þetta verður blanda af okkar eigin efni og tónlist sem við höfum gert fyrir ýmis önnur verkefni. Það mætti flokka tónlistina okkar undir nýklassík, neo-classical, en mér finnst við allir vera með okkar eigin persónulega stíl. Píanóið er þungamiðjan í öllum atriðunum og við notum það allir mjög mikið í okkar tónsmiðum. Þannig að það var bara

eitthvað svo upplagt að fagna þessu fallega hljóðfæri,“ segir Sævar.

Hvernig píanó munið þið að spila á á tónleikumunum?

„Í Mengi spilum við á upprétt píanó en á hinum tveimur stöðunum spilum við á flygil. Ég fíla eiginlega upprétt píanó meira af því þegar maður setur feltið á þá fær maður svo blíðan tón og það er akkurat minn stíll.“

Þá eru Sævar, Miro og Eðvarð allir með nýjar útgáfur í vöndum. Eðvarð vinnur um þessar mundir að sinni fyrstu sólóplötu og Sævar gaf út lagið The Wound á föstudag. Þá ætlar Miro að gefa út sérstaka EP-plötu í tilefni píanódagsins á miðvikudag með tónlist hans úr Furioza útsetta fyrir píanó. ■



Eðvarð Egilsson vinnur að sinni fyrstu sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Miro Kepinski er pólskt kvikmyndatónskáld. MYND/ADSEND



Þetta er dagur til þess að fagna píanóinu og öllu í kringum það.

Sævar Helgi Jóhannsson

# Ó, þú fagri Schubert

## TÓNLIST

### Erard Ensemble

#### Stolen Schubert

#### Tónlist eftir Franz Schubert

Flytjendur: Ásdís Valdimarsdóttir, víola, Edward Janning, píanó og Katharine Dain, sópran

Jónas Sen

Franz Schubert var yfirþyrmdur þegar hann hitti átrúnaðargoð sitt, Beethoven. Schubert dáði hann mjög og flúði því æpandi af vettvangi, eða svo er sagt. Beethoven var nokkru eldri, og þegar hann lést var Schubert kyndilberi í jarðarförinni. Hann sjálfur varð ekki gamall, aðeins 31 árs, og er hann fann dauðann nálgast það hann um að vera jarðaður við hlið meistarans. Honum varð ósk sinni.

## Litli sveppur

Mörgum árum síðar voru jarðneskar leifar tónskáldanna færðar á betri stað, og við það tækifæri voru þau rannsökuð. Í ljós kom að höfuðkúpa Beethovens var þykk og sterkleg, en hin fingerð, nánast eins og í konu. Schubert var ekki hárf í loftinu, og var oft kallaður „litli sveppur“. Heilt yfir er tónlist Schuberts mildari og ljóðrænni en sú sem Beethoven samdi, þó vissulega séu undantekningar. Hún er dásamlega fögur, laglínurnar eru himneskar og flæðið í tónlistinni innblásið og grípandi.

Fyrir skemmstu kom út geisladiskur með Ásdísi Valdimarsdóttur víóluleikara og Edward Janning píanóleikara þar sem þau flytja tónlist eftir Schubert. Nánar tiltekið er það Arpeggione sónatan, nokkrir kaflar úr Vetrarferðinni sem hér er

útsett fyrir víolu, og tvö sönglög þar sem Katharine Dain sópran syngur.

## Í rétta andanum

Skemmst er frá því að segja að flutningurinn er í hvítvetna prýðilegur. Hann er léttur og fingerður í takt við tónlistina, kraftmikill þegar við á, en samt alltaf tempradur. Heildarmyndin er dálítið innhverf á einhvern sjarm-erandi hátt, jafnvel þótt tónlistin sé full af tilfinningum. Enga tilgerð er

að finna í túlkuninni, hún er ávallt blátt áfram og heidarleg. Flutningurinn er alltaf í samræmi við óskir tónskáldsins, ávallt í rétta, rómantíska andanum sem flæðir svo ljúflega.

S c h u b e r t samdi himneskar laglínur og hér eru þær mótaðar afskaplega fallega. Schubert samdi alls konar verk, en ljóða-sönglögin hans eru í sérflokk. Þau eru um 600 talsins, hann var bókstaflega sísemjandi. Einu sinni samdi hann

ljóðræna stemning er líka í verkunum fyrir hljóðfæri eingöngu, eins og til dæmis í þessari útgáfu. Melódiurnar eru spilaðar þannig að þær eru fullkomlega eðlilegar. Það er eins og þær verði til á því augnabliki sem þær eru leiknar.

Tæknilega séð er leikurinn skýr og jafn, og hendingar fagurlega mótaðar og smekklegar. Söngurinn er jafnframt dásamlegur, kraftmikill og tær. Upptökuhljómurinn er líka mildur og hlýr, sem gefur heildarmyndinni notalega heimilislegan brag. Það er þægilegt að hafa þennan geisladisk á fóninum, líkt og tónlistarfólkið sjálft sé í stofunni að spila fyrir mann og syngja. Þetta er frábært. ■

**NIÐURSTAÐA:** Einkar vönduð og sannfærandi túlkun á tónlist eftir Schubert.



átta lög á einum sólarhring. Þessi



Tvær magnaðar sýningar kveðja



# Ellen B.

Mayenburgpríleikurinn I

Lokasýning  
30. mars



PT, MBL

VERTU  
**ÚLFUR**

Sýningum  
lýkur í vor



7 Grímuverðlaun

Þjóð  
leik  
húsið

Tryggðu þér miða!

leikhusid.is



# Vendingar í sjálfsalamálum

Í ljósi þess hve aftarlega Ísland stendur í sjálfsalamálum hefur Fréttablaðið tekið saman lista yfir þær vörur sem gætu vakið lukku í þessum erindrekum neysluhyggjunnar.

arnartomas@frettabladid.is

Þótt Íslendingar elski neysluvörur meira en flest annað þá eru þeir miklir eftirbátar þegar kemur að sjálfsölum sem eru ein tærasta birtingarmynd neysluhyggjunnar. Þótt sjálfsalarnir séu vissulega sumir byrjaðir að tala hefur framboðið í sjálfsölum lítið breyst á undanförunum áratugum.

Til samanburðar getum við lítið á frændur okkar Japanir sem standa flestum þjóðum framur þegar kemur að sjálfsalaframboði. Viltu heita pitsu? Minnst málið. Borðspil? Þó það nú væri! Notaðar nærbuxur? Ekki spurning! Íslenskt hvalkjöt? Við reddum því nú.

## Alls konar vendingar

„Ég held að sjálfsalar hafi orðið eftir á hér á Íslandi því það hafa ekki orðið nógu miklar tækniframfarir í þeim,“ segir Stefán Melsted sem rekur sjálfsalafyrirtækið AG Vending og ætlar sér stóra hluti í sjálfsalageiranum. „Okkar sjálfsalar eru með fimmtíu og fimm tommu snertiskjá þar sem hægt er að skoða hluti á borð við innihaldslýsingu og annað. Það er svo auðvitað hægt að selja allan fjandann í þessu.“

Þótt AG Vending sé enn að þreifa fyrir sér segist Stefán hæglega geta séð fyrir sér að heilu búðirnar yrðu opnaðar þar sem væru bara sjálfsalar en slíkar hugmyndir hafa vakið lukku ytra.

„Í þessu umhverfi sem við lifum í þar sem starfsmannakostnaður er mjög dýr þá er gott að hafa einhvern



Ég held að sjálfsalar hafi orðið eftir á hér á Íslandi því það hafa ekki orðið nógu miklar tækniframfarir í þeim.



Stefán Melsted

annan valkost þar sem fólk getur gripið eitthvað án þess að sjoppa sé opin,“ segir Stefán og tekur undir að sjálfsalar þurfi auðvitað ekki að einskordast við matvæli. „Tannburstasett, hleðslutæki, dömubindi – það eru alls konar nauðsynjavörur sem er gott að geta gripið í. Geturðu ímyndað þér hvað það væri hentugt ef þú værir sautján ára og þyrftir smokkapakka, að geta gengið að honum í sjálfsölum?“

Meðfylgjandi eru nokkrar hugmyndir Fréttablaðsins að þeim misnauðsynlegu vörum sem myndu eflaust vekja mikla lukku ef þær yrðu aðgengilegar í sjálfsölum. ■



## Afmælisgjafir fyrir börn

Það er fátt verra en að þurfa að fara í barnaafmæli á sunnudegi og þurfa timbraður að standa í tilheyrandi verslunarferð. Væri nú ekki fint ef það væri bara auðveldlega hægt að gripa eitthvað dót úr Múmindalnum án þess að hringsóla eftir stæði í Kringlunni?



Það er engin þjóð framur í sjálfsalamenningu en frændur okkar Japanir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ólyfseðilsskyld lyf

Að geta skottast út á horn eftir Panodil, Rennie eða bara Treo væri talsvert betra á erfiðum nóttum en að biða eftir að apótekið opnaði. Svo væri hægt að bjóða upp á heimapróf fyrir næsta heimsfaraldur, eða bara óléttuna.



## Súrmatur

„Do you know where I can try the shark?“ er algeng spurning frá túristum í skærlitum anorökkum. Það væri ágætt að getað vísað þeim á sjálfsala svo þeir gætu á einu bretti strokað þennan ógeðslega þjóðararf okkar út af ferðalistanum hjá sér.

## Allt fyrir baksturinn

Það væri ansi huggó ef það væri hægt að redda smjöri, sykri og salti án þess að yfirgefa íbúðarkjarnann. Guð forði okkur frá því að banka upp á hjá nágrönnunum.



## Húfur og vettlingar

Í sveiflukennndri veðráttunni væri frábært að nálgast helstu varnirnar fyrir nauðsynlegustu útlimina á skilvirkann hátt. Ferðapjónustan gæti eflaust mokgrætt á því að skella sjálfsala upp við jökul fyrir ferðamennina sem mættu í pólóbol.



## Regnhlífur

Íslendingar hafa aldrei almennilega tamið sér notkun regnhlífa og vita fæstir hvar er hægt að nálgast þær. Þótt það hafi hingað til reynst okkur ágætlega að setja bara axlirnar upp að eyrum og hlaupa á milli staða þegar það byrjar að rigna þá væri fint að vita af regnhlífum í sjálfsölum.







# Gleðilega páska

**Veldu páskaegg frá Nóa  
sem passar þér!**

Páskaegginn frá Nóa Sírius eru tilbúin. Það eru spennandi nýjungar í boði og egg sem hæfa öllum. Þau eru nefnilega allskonar, sæt stökk, smá og stór en fyrst og fremst ómótstæðileg.



**Skóðu úrvalið, veldu og njóttu!**





# Hér færðu Fréttablaðið á Akureyri



- Bónus
- Hagkaup
- Húsasmiðjan
- Krónan
- Nettó
- N1
- Olís



Nánari upplýsingar finnur þú á  
[www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing](http://www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing)

Fritt



Glaðværa ofurhetjan Sólón býr á sólinni en heimsækir jörðina til að lenda í hinum ýmsu ævintýrum.

MYND/ADSENÐ

## Ofurhetja frá sólinni gerir eigið barnaefni á íslensku

Þegar Einari Birni Þórarinsyni fannst vanta barnaefni á íslensku tók hann málin í eigin hendur. Niðurstaðan er glaðværa ofurhetjan Sólón sem hefur lögheimili á sólinni.

arnartomas@frettabladid.is

Ofurhetjan Sólón dúkkaði upp á YouTube á dögunum með það fyrir augum að framleiða skemmtilegt barnaefni á íslensku fyrir yngri kynslóðina. Maðurinn að baki verkefninu er Einar Björn Þórarinsson sem man sjálfur ekki alveg hvernig hugmyndin kom til.

„Ég tók eftir því strax með mína litlu að mér þótti erfitt að finna eitthvað á íslensku sem mér fannst skemmtilegt að horfa á með henni,“ segir Einar. „Við vorum ekki með Stöð 2 og mér fannst vera frekar lítið í boði.“

Það var svo þegar Einar var að horfa á barnaefnið Blippi, þar sem samnefnd persóna fer á milli staða og fíflast, sem hann fann eitthvað toga í sig.

„Mér fannst ég bara góður kandida-  
dat í þetta – ég er tónlistarmaður líka og á auðvelt með að semja lög,“ segir Einar sem spilaði einmitt á trommur með hljómsveitinni Pink Street Boys. „Þegar ég fór að bera þetta undir fólk voru undirtektirnar alltaf. Já, þetta er nákvæmlega það sem þú átt að vera að gera. Ég ákvað þess vegna að taka þetta alla leið.“

### Útpæld ofurhetja

Áður en að Sólón kom til lagðist Einar í talsverðar rannsóknir, því það er hægara sagt en gert að viðhalda athygli yngstu kynslóðarinnar.

„Ég rakst á alls konar efni um það hvernig á að gera börn að neytendum, sem virkar þínu síðblint, en hjálpaði mér helling,“ segir hann og hlær. „Sem dæmi þá sá ég að börn á þessum aldri eiga erfitt með að greina á milli fantasíu og raunveruleika svo mér datt í hug að hafa þess vegna einhverja ofurhetju. Liturinn á búningnum og hönnunin – þetta er allt útpælt.“

En hver er Sólón?

„Sólón er ofurhetja sem á heima á sólinni og ferðast til jarðarinnar til að heimsækja spennandi staði,“ svarar Einar um ofurhetjuna sem



Einar í hversdagsgallanum ásamt kanínunni Bínu sem er hjálparhella Sólóns.



Ég tók eftir því strax með mína litlu að mér þótti erfitt að finna eitthvað á íslensku sem mér fannst skemmtilegt að horfa á með henni.

hefur hingað til kíkt í Ævintýraland og lært að baka pitsur. „Hann hefur þann kraft að hann getur sagt eina setningu og þá bara púff! Hann er mættur á staðinn. Ég reyni svo að hafa einhverja fræðslu og skemmtilega tónlist í þessu líka.“

### Vanur niðþröngum búningum

Fyrstu tveir þættirnir um Sólón og Bínu, kanínuna sem er honum innan handar, eru komnir í loftið á YouTube nú þegar. Einar er ekki alveg viss um hvernig framhaldið verður.

„Ég ákvað að byrja bara að hafa þetta á YouTube, fritt á íslensku, svo allir geti notið þess,“ segir hann. „Ef þetta fer á eitthvert flug þá er aldrei að vita nema maður taki þetta eitthvað lengra eða láti jafnvel þýða þetta yfir á önnur tungumál.“

Þótt einhverjir myndu eflaust veigra sér við að klæðast þröngum ofurhetjubúningi segist Einar vera þar á heimavelli.

„Ég á afmæli á Hrekkjavökunni og er alltaf Spiderman,“ segir hann og hlær. „Þegar gríman er komin upp þá verð ég bara alveg vitlaus og endá á að hlaupa og hoppa út um allt. Það er eitthvað það skemmtilegasta sem ég geri!“ ■



# EXTRA

## ÓDÝR PÁSKAEGG



*Extra gott úrval!*

**VERÐVERND**  
Þú færð ódýrara páskaegg hjá okkur. Annars endurgreiðum við mismuninn.\*  
Gildir til 8. apríl.

\* Sýna þarf kvittun samdægurs. Gildir aðeins fyrir páskaegg frá Nóa, Freyju, Kólus og Góu. Gildir ekki um páskegg nr. 1.

**EXTRA**  
|||||

**Akureyri**  
Mýrarvegi

**24/7**

**Reykjanesbæ**  
Hafnargötu 51

**24/7**

**Reykjavík**  
Barónsstíg 4

**8-24**





## BAKÞANKAR



Pétur Georgs Markan

## Afturábak eða pásað

Ég var að ganga frá eftir kvöldmat þegar guttinn minn, sem verður ellefu í vor, strollar að mér íbygginn og ihugull á svip. „Pabbi, hvort myndir þú gera, ef þú gætir, spólað afturábak eða ýtt á pásu-takkann?“ Ég, sem hef viðstöðulausar og um leið tilhæfulausar og ofhugsaðar áhyggjur af börnunum mínum, fylltist létt; barnið mitt er hugsandi, í móralskri tilvistarglímu!

Ég gerðist föðurlegur í framan og byrjaði að útskýra:

„Elsku hjarta, það gagnast lítið að lifa líðið. Gerðu systkinin ör, ást og reynslu að bestu vinum þínum. Trúnaðarsambandið við þau, og hvað þú treystir þér til að læra mikið af þeim, ákvarðar summu hamingjusporanna sem þú stendur í – hamingjan er og verður aldrei annað en núvitund sjálfs þín og umfang hennar og kraftur felst í hversu sáttur við sjálfan þig þú ert.

Ekki spóla til baka; taktu ábyrgð, lærðu, mæltu spakur og mættu fólki mildur. Vertu sáttur í sporunum sem þú stendur í, viðurkenndu gallana sem búa í þér og elskaðu einstöku manneskjuna sem þú sannarlega ert.“

Á móti mér stendur næstum ellefu ára gutti, sem veit ekki hvað hann á að gera við gúrúinn sem stendur fyrir framan hann.

„Ég myndi sko velja pásutakkann, þá gæti ég teiknað skrítið skegg á alla vini mína, þeir myndu ekkert vita, á meðan allir hlæja; svona „ultimate“ hrekkur.“

Sigráður hafði ég lítið annað að gefa en næstbesta ráðið mitt: „Jæja, taktu góða mynd af þessu, hafðu hana selfie og vertu fállegri en þeir á myndinni.“ ■

## Atvinnublaðið

Fyrir fólk í leit að nýjum tækifærum



Skannaðu kóðann í snjalltækinu þínu



Frítt

Frítt

# Hér færðu Fréttablaðið á höfuðborgarsvæðinu



101

Sundhöllin  
Olís Ánanaustum  
Nettó Granda  
N1 Hringbraut  
Krambúðin Skólavörðustíg  
BSÍ  
Bónus Kjörgarði  
Bónus Fiskislóð  
Krónan Granda  
Krónan Hallveigarstíg

102

Háskóli Íslands  
Reykjavíkurlflugvöllur

103

Kringlan  
Bónus Kringlunni  
Krónan Austurvei  
Bakameistarinn Austurvei

104

Glæsibær  
Olís Sæbraut  
Olís Álfheimum  
N1 Klettagörðum  
Iceland Glæsibæ  
Húsasmíðjan Skútuvogi  
Hagkaup Skeifunni  
Bónus Skútuvogi  
Bónus Holttagörðum  
Krónan Borgartúni  
Bakameistarinn Glæsibæ  
Bakameistarinn Holttagörðum

105

World Class Laugum  
Laugardalslaug  
Nettó Nöatúni  
Krambúðin Lönguhlið  
Krambúðin Laugalæk  
Bónus Skippholti  
N1 Borgartúni  
Bakameistarinn Suðurveri

107

N1 Ægisíðu  
Melabúðin  
Krambúðin Hjarðarhaga  
Vesturbæjarlaug

108

Nettó Lág múla  
N1 Stóragerði  
N1 Fossvogi  
Krambúðin Grímsbæ  
Múlakaffi  
Bónus Skeifunni  
Krónan Skeifunni

109

Olís Mjódd  
Nettó Mjódd  
N1 Skógarseli  
Iceland Seljabraut  
Krónan Breiðholti  
Bakameistarinn Mjódd

110

Árbæjarlaug  
Olís Norðlingaholti  
N1 Ártúnshöfða  
Múrbúðin Kletthálsi  
Bónus Hraunbæ  
Krónan Bildshöfða  
Krónan Árbæ  
Bakameistarinn í Húsgagnahöllinni

111

Breiðholtslaug  
Iceland Vesturbergi  
Bónus Lóuhólum

112

World Class Egilshöll  
Grafarvogslaug  
Olís Gullinbrú  
N1 Gagnvegi  
Bónus Spönginni  
Bakameistarinn Spönginni

113

Krónan Grafarholti

116

Esjuskálinn

170

World Class Seltjarnarnesi  
Sundlaugin Seltjarnarnesi  
Hagkaup Eiðistorgi

200

Sundlaug Kópavogs  
N1 Stórahjalla  
Iceland Engihjalla  
Bónus Nýbýlavegi  
Bókasafn Kópavogs

201

Salalaug  
Smáralind  
Hagkaup Smáralind  
Nettó Salavegi  
Bónus Smáratorgi  
Krónan Lindum  
Bakameistarinn Smáratorgi

203

World Class Ögurhvarfi  
Nettó Búðakór  
Bónus Ögurhvarfi  
Krónan Vallakór

210

Ásgarðslaug  
Olís Hafnarfjarðarvegi  
Hagkaup Litlatúni  
Bónus Kauptúni  
Bónus Garðatorgi  
Krónan Garðabæ

220

Ásvallalaug  
Sundhöll Hafnarfjarðar  
Suðurbæjarlaug  
Nettó Dalshrauni  
N1 Lækjargötu  
Húsasmíðjan Fjarðargötu  
Fjörðurinn  
Fjarðarkaup  
Bónus Helluhrauni  
Krónan Flatahrauni  
Krónan Hvaleyrarbraut  
Bakameistarinn Flatahrauni

221

Nettó Selhelli  
Múrbúðin Selhelli  
Iceland Staðarbergi  
Bónus Tjarnarvöllum  
Krónan Norðurhelli

225

Álftaneslaug

270

Varmárlaug  
Lágafellslaug  
Olís Langatanga  
Nettó Sunnukrika  
N1 Háholti  
Bónus Bjarkarholti  
Krónan Mosfellsbæ



Opnaðu myndavélina í snjalltækinu þínu og skannaðu QR-kóðann.

\*Yfir 250 dreifingarstaðir á landsvísu.

\*Blaðinu er einnig dreift á dvalarheimili og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu.

Nánari upplýsingar finnur þú á [www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing](http://www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing)